



ARNARSKÓLI

Starfsáætlun 2024-25

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Um Arnarskóla	4
Arnarskóli 2024-2025	4
Stefna Arnarskóla	4
Stjórnun og starfsfólk	7
Fagteymi.....	7
Starfsfólk veturinn 2024-25	9
Skipulag og stundaskrá	13
Hagnýtar upplýsingar.....	14
Skólamáltíðir og skólaakstur	14
Leyfi/forföll nemenda	14
Mæting og Karellen	14
Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda.....	14
Veikindi starfsfólks.....	14
Óskilamunir.....	14
Slys og veikindi	15
Lyfjagjafir.....	15
Húsnæði skólans	15
Skóladagatal.....	15
Heimili og skóli	16
Skólabragur/gildi Arnarskóla	16
Skólareglur	16
Viðbrögð við brotum á skólareglum og krefjandi hegðun nemenda	17
Viðmið vegna foreldrasamskipta.....	17
Foreldrafélag	18
Skólaráð	18
Kennsla og námsmat	19
Kennsla	19
Kennslutími	19
List- og verkgreinakennsla	19
Útikennsla	19
Útivist.....	19
Einstaklingsnámskrár.....	20

Námsmat	20
Heimanámsstefna	20
Hefðir og þemavinna	20
Tómstundir og tengsl við nærumhverfi	21
Velferð nemenda	21
Stoðþjónusta	21
Áætlanir	22
Símenntunaráætlun starfsmanna	22
Áföll og röskun á skólastarfi	35
Rýmingaráætlun	35
Röskun á skólastarfi vegna veðurs	36
Áföll	36
Umhverfisverndarstefna.....	36
Geðheilsustefna starfsfólks.....	36
Mat á skólastarfi.....	38
Innra mat á árangri og gæðum	38
Matsteymi	38
Almennir matspættir 2024-25	39
Nánari lýsing á almennum matspáttum	40
Starfsánægja starfsfólks.....	40
Ánægja foreldra	40
Ánægja nemenda.....	40
Mat á námsárangri	40
Rýni utanaðkomandi sérfræðinga	40
Áhorf/ígrundun stjórnenda.....	41
Jafnlaunamarkmið - Jafnlaunavottun	41
Innleiðing nýrrar stefnu: Matspættir sem meta áherslupætti úr stefnu skólans 2024-25...	42
Áherslupáttur: Gott náms og starfsumhverfi.....	42
Bætt aðstaða	43
Aukin samvinna	43
Sannreyndir kennsluhættir	43
Áherslupáttur: Þróunarstarf og fræðsla.....	43
Rannsóknir í þágu nemenda	44
Ráðgjöf til almennra skóla.....	44
Fræðsla til foreldra	45
Símenntun starfsfólks.....	45

Áhersluþáttur: Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð	46
Stuðningur við tómstundastarf	46
Innleiðing á umhverfisverndarstefnu	46
Þátttaka nemenda í samfélagslega mikilvægum verkefnum	46
Umbætur	47

Inngangur

Starfsáætlun Arnarskóla 2024-2025 er upplýsingarit um starfsemi Arnarskóla á skólaárinu. Hér er um að ræða ýmsar hagnýtar upplýsingar og yfirlit yfir helstu áherslur og markmið í skólastarfinu.

Um Arnarskóla

Arnarskóli býður upp á heildstæða þjónustu fyrir nemendur sem þurfa sértakan stuðning í námi. Skólinn er sjálfseignarstofnun þar sem boðið er upp á sveigjanleika og sérþekkingu sem þarf til að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Skólinn býður upp á heildstæðan skóla allan ársins hring og lögð er áhersla á þjónustu byggða á sérfræðikunnáttu bæði í skóla og frístundastarfi. Til að ná þessu markmiði er sami starfsmannahópur fagmenntaðra sem kemur að öllu starfi skólans og skólinn býður upp á þjónustu alla virka daga á ári.

Arnarskóli veitir einnig ráðgjöf til grunnskóla í Kópavogi og Garðabæ til að betur megi koma til móts við nemendur í almennum skólum sem þurfa einstaklingsmiðaða þjónustu.

Arnarskóli 2024-2025

Heimilisfang: Kópavogsbraut 5 b og c

Arnarskóla er stýrt af framkvæmdarstjórn sem er skipuð þannig:

Atli F. Magnússon

María Sigurjónsdóttir

Rafn Emilsson, skólastjóri

Steinunn Hafsteinsdóttir

Fjöldi nemenda: 37

Fjöldi starfsmanna: 88, stöðugildi 69.8

Sími 426-5070

Netfang: arnarskoli@arnarskoli.is

Heimasíða: www.arnarskoli.is


Arnarskóli á Facebook: <https://www.facebook.com/arnarskoli/>

Opnunartími: 7:45 – 17:00

Stefna Arnarskóla

Stefnumótun Arnarskóla var unnin í samvinnu við starfsfólk, nemendur, foreldra og utanaðkomandi aðila úr skólasamfélaginu veturinn 2021-22. Við stefnuna var í upphafi stuðst við að finna leiðarljós sem ættu að einkenna alla þætti stefnunnar. Í framhaldi af því voru áherslur ákveðnar sem skiptast í þrennt, markmið voru mótuð úr hverju áhersluatriði og í framhaldi af því verkefnastofnar undir hverju markmiði. Verkefnastofnar verða unnir áfram í samvinnu við nemendur, forráðamenn og starfsfólk. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu skólans og verður endurskoðuð að hausti 2027.

Yfirlit yfir hvernig leiðarljós, áherslur, markmið og verkefnastofnar mynda eina heild í stefnu skólans



Leiðarljós

Skólastarfið á að byggja á ánægju, virkni og sátt allra sem að starfinu koma. Til að ná þessu markmiði byggir stefna skólans á eftirfarandi leiðarljósum sem eiga að birtast í öllu starfi skólans og einkenna öll áhersluatriði stefnu skólans.

Traust: Okkur er ljóst mikilvægi traust í samvinnu við nemendur okkar, foreldra þeirra og að samfélagið beri traust til okkar starfs.

Fagmennska/gæði: Nemendur okkar eiga skilið að unnið sé af fagmennsku og heilindum að þeirra hagsmunum til að stuðla að velferð þeirra og færni til framtíðar. Starfsemi skólans þarf að standast alþjóðlegan samanburð svo háskólanemar geti sótt þar starfsnám sem byggir upp færni þeirra og þekkingu sem nýtist skólasamfélaginu öllu.

Gleði/ánægja: Mikilvægt er að allir taki þátt af áhuga í starfi skólans og þar ríki gleði. Starfið á að byggja hvetjandi starfsháttum bæði fyrir nemendur og starfsfólk.

Samvinna: Samvinna skal einkenna allt starf Arnarskóla, bæði innan veggja skólans og við skólasamfélagið allt, til dæmis nemendur, foreldra, nærumhverfi sveitarfélög og stoðþjónustu.

Áherslur

Áherslur í stefnu skólans skiptast í þrjá þætti sem ætlað er að ná utan um starf skólans á næstu árum. Áhersluatriðin eru fjölbreytt og ólík. Markmið og verkefnastofnar sem fylgja hverju áhersluatriði gefa skýrari mynd af birtingarmyndinni í daglegu starfi skólans. Eftirfarandi áhersluatriði einkenna skólastarfið á árunum 2022-27:

- Gott náms- og starfsumhverfi
- Þróunarstarf og fræðsla
- Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð.

Tengsl leiðarljósa við áhersluatriði og verkefnastofna eru mörg og verða ekki öll talin upp hér. Taflan hér að neðan gefur dæmi um hvernig leiðarljós og áhersluatriði vinna saman að bættu skólastarfi.

Áhersluatriði	Leiðarljós			
	Traust	Fagmennska/gæði	Gleði/ánægja	Samvinna
Gott náms og starfsumhverfi	Starfs og námsumhverfi skal byggja á trausti allra sem að starfinu koma	Fagmennska og gæði skulu stuðla að góðu náms og starfsumhverfi	Gleði og ánægja skal einkenna náms og starfsumhverfi skólans	Samvinna allra skal einkenna gott náms- og starfsumhverfi
Þróunarstarf og fræðsla	Þróunarstarf og fræðsla skal byggja á trausti og ýta undir traust	Þróunarstarf og fræðsla skal byggja á fagmennsku/gæðum ásamt því að ýta undir fagmennsku/gæði	Við þróunarstarf og fræðslu skal hafa gleði og ánægju í forgrunni	Þróunarstarf og fræðsla byggir á samvinnu og þau verkefni sem komið er á fót ættu meðal annars að huga sérstaklega að bættri samvinnu
Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð	Forsenda þátttöku í samfélaginu er traust. Samfélagsleg ábyrgð ýtir undir að traust ríki til skólans	Fagmennska og gæði ýta undir að vel takist til í verkefnum sem stuðla að þátttöku í samfélagi	Verkefni sem ýta undir þátttöku í samfélaginu og samfélagslega ábyrgð skulu byggja á gleði og ánægju	Samvinna er forsenda þess að hægt sé að ýta undir þátttöku í samfélagi og samfélagslega ábyrgð.

Ýtarlegri lýsing á stefnunni er aðgengileg á heimasíðu skólans arnarskoli.is

Stjórnun og starfsfólk

Hér að neðan er yfirlit yfir verkaskiptingu/störf í Arnarskóla



Stjórn Arnarskóla ses. ræður framkvæmdarstjóra sem ræður annað starfsfólk skólans. Í framkvæmdarstjórn sitja Atli F. Magnússon, María Sigurjónsdóttir, Rafn Emilsson og Steinunn Hafsteinsdóttir. Ráðning skólastjóra skal vera samkvæmt 12. gr laga um ráðningu kennara og skólastjórnenda í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum frá 2008, Rafn Emilsson er skólastjóri Arnarskóla. Framkvæmdarstjórn ber ábyrgð á skólastarfi og hefur umsjón með daglegri starfsemi og rekstri skólans.

Fagteymi

Innan Arnarskóla eru skipuð fagteymi í kringum hvern nemanda. Í hverju fagteymi er:

- Umsjónarkennari. Umsjónarkennari sinnir allt að 15 nemendum eftir umfangi og stöðu nemenda
- Atferlisfræðingur
- Tengill
- Fulltrúar annarar sérfræðipjónustu eftir þörfum. Má þar nefna t.d. talmeinafræðinga, sjúkraþjálfara og iðjuþjálfara.

Fagteymi hvers nemanda gerir einstaklingsnámskrá fyrir nemandann í samstarfi við foreldra og nemanda. Fagteymið hittist reglulega til að fara yfir hvernig starfi með nemandann út frá einstaklingsnámskrá miðar. Fulltrúar fagteymis funda svo reglulega með foreldrum og öðrum þjónustuaðilum (s.s. frá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, skammtímavistunum og stuðningsfjölskyldum) til að veita ráðgjöf eða samræma þjónustu.

Aðkoma kennara og atferlisfræðings er breytileg eftir þörfum hvers nemenda. Sumir nemendur Arnarskóla eru mest í kennslu sem lýtur að lestri, stærðfræði og öðrum bóklegum greinum og þurfa þá mikla aðkomu kennara en minni aðkomu atferlisfræðings. Aðrir nemendur eru fyrst og fremst í kennslu sem lýtur að grunnfærni og athöfnum daglegs lífs, t.d. hreinlætisþjálfun og sjálfshjálp. Fyrir þá nemendur er aðkoma kennara minni en aðkoma atferlisfræðings meiri.

Tengill: Er starfsmaður með háskólapróf sem nýtist í starfi t.d. á sviði uppeldis, menntunar eða sálfræði. Tengill vinnur með umsjónarkennara og atferlisfræðingi í að móta einstaklingsnámskrá eins nemanda. Tengill sinnir einnig þjálfun og kennslu undir handleiðslu umsjónarkennara og atferlisfræðings ásamt því að útbúa kennslugögn, leiðbeiningar og halda utan um skráningar og námsframvindu.

Lögð er áhersla á að fá sérfræðiaðstoð inn í skólann í stað þess að nemendur sækji þjónustu annað og þannig er stutt við þverfaglega vinnu með barnið.

Starfsfólk veturinn 2024-25

Nafn starfsmanns	Starfsheiti	Menntun	Starfshlutfall
Aldís Ósk Ómarsdóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Aleksandra Lesniewska	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf/BS nemi í sálfræði	Breytilegt
Andri Snær Jóhannsson	Tengill	Iðnnám óklárað	100%
Andrijana Lovik	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf óklárað	100%
Anna Petrea Lupnaav Atladóttir	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf/Nemi í þroskaþjálfarafræðum	65%
Anna Soffía Ingólfssdóttir	Tengill	BA í fornleifafræði	100%
Anna Þóra Grétarsdóttir	Atferlisfræðingur	BA í þroskaþjálfarafræði / MS í atferlisgreiningu	88%
Ari Guðmundsson	Deildarstjóri	BSc sálfræði	100%
Arnar Þór Þórsson	Tengill	Iðnnám óklárað	100%
Áshildur Margrét Árnadóttir	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	100%
Áslaug Lárusdóttir	Tengill	BA í félagsráðgjöf	100%
Ásta Guðrún Ragnarsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði	100%
Ástrós Óskarsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði	100%
Atli Magnússon	Framkvæmdastjóri	Atferlisfræðingur	100%
Auður Ögmundardóttir	Atferlisfræðingur	BA í þroskaþjálfarafræði / MS í atferlisgreiningu	100%
Axel Helgi Jónsson	Almennur starfsmaður		
Baldur Bergmann Einarsson	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	80%
Bára Sæmundsdóttir	Atferlisfræðingur	BSc sálfræði / MS í atferlisgreiningu	80%
Bára Örk Melsted	Tengill	BSc í sálfræði	100%
Berglind Helgadóttir	Tengill	BSc sálfræði	Fæðingarorlof
Berglind Sveinbjörnsdóttir	Ráðgefandi atferlisfræðingur	Phd atferlisgreining	20%
Birna Helgadóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Birta Ósk Laursen Óladóttir	Tengill	BA í uppeldis og menntunarfræði	100%
Björg Leifsdóttir	Skrifstofustjóri	Viðskiptafræðingur	80%
Dagný Lóa Kristjánsdóttir	Tengill	BSc í sálfræði	100%
Einar Símon Hlynsson	Almennur starfsmaður		20%
Eldey Ósk Mánadóttir	Tengill	Bsc sálfræði / nemi í MS í atferlisgreiningu	80%
Elma Sól Snæhólm	Tengill	Bsc sálfræði / nemi í MS í atferlisgreiningu	80%
Embla Líf Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf / nemi í þroskaþjálfarafræðum	80%

Erna Dögg Pálsdóttir	Atferlisfræðingur	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	100%
Eyja Drífa Ingólfssdóttir	Verkefnastjóri	Bsc Behavioural Science / nemi í kennsluréttindum	100%
Guðmundur H Ásgeirsson	Kokkur	Kokkur	100%
Guðrún Embla Finnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	BSc í sálfræði	100%
Guðrún Lilja Jónsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	80%
Hafdís Lára Sigurðardóttir	Tengill	Bs sálfræði/Ms í menntunarfræði leikskóla /MS nemi í atferlisgreiningu	100%
Hafdís Pálsdóttir	Listgreinakennari	Tónlistarkennari	Fæðingarorlof
Hafrún Tryggvadóttir	Deildarstjóri	Stúdentspróf/sálfræðinemi	Fæðingarorlof
Hajar Benssimmou	Stuðningsfulltrúi	BA í heimspeki	100%
Harpa Tanja Unnsteinsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	Fæðingarorlof
Helga Guðrún Bjarnadóttir	Tengill	Bsc sálfræði	Fæðingarorlof
Helga Hrunn Halldórsdóttir	Tengill	BSc sálfræði	Fæðingarorlof
Helgi Axel Davíðsson	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	50%
Herdís Ásta Pálsdóttir	Tengill	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	90%
Hjálmar Snorri Jónsson	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Hólmfríður Dúna Þorsteinsdóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Hólmfríður Ósk Arnalds	Atferlisfræðingur	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	90%
Hulda María Þorbjörnsdóttir	Atferlisfræðingur	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	100%
Ibrahime Ómar Harimache	Stuðningsfulltrúi	Iðnnám óklárað	100%
Ingibjörg Erlendsdóttir	Umsjón	Stúdentspróf	100%
Ingunn Brynja Einarsdóttir	Deildarstjóri	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	100%
Jónína Kristbjörg Björnsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	80%
Katla Margrét Aradóttir	Tengill	BA í félagsráðgjöf	100%
Kristín Þorbjörg Guðmundsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	92%
Kolbrún Sara Bjarnadóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Lena Egilsdóttir	Atferlisfræðingur	BSc sálfræði/MS í atferlisgreiningu	100%
Linda Guðmundsdóttir	Verkefnastjóri	BSc sálfræði/MS nemi í lýðheilsufræði	100%

Lísbet Tara Ólafsdóttir	Tengill	BSc í sálfræði	100%
Luis Rubio Gil	Tengill	BA í píanóleik / MA frá Listaháskóla Íslands	100%
Mallory Ann Swanson	Tengill	Talmeinafræði	100%
Margrét Ágústa Þorvaldsdóttir	Sjúkrapjálfari	Sjúkrapjálfun	10%
Margrét Hauksdóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
María Sigurjónsdóttir	Framkvæmdastjórn	BA í þroskajálfafræði / MS í atferlisgreiningu	100%
Martha Alexandra Jamesdóttir	Tengill	Nemi í þroskajálfafræðum	80%
Oddur Geirsson	Tengill	BA nám á menntavísindasviði óklárað	100%
Rafn Emilsson	Skólastjóri	Grunnskólakennari/MS í atferlisgreiningu	100%
Ragnheiður Elín Guðjónsdóttir	Stuðningsfulltrúi		40%
Rebekka Garðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	100%
Rut Þorsteinsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Bsc í sálfræði	100%
Sigríður Ásta Vigfúsdóttir	Talmeinafræðingur	Talmeinafræðingur	Fæðingarorlof
Sigríður Gísladóttir	Sérkennari	Sérkennari	100%
Sigríður Jóna Gunnarsdóttir	Verkefnastjóri	Grunnskólakennari	30%
Sigrún Þorsteinsdóttir	Tengill	Bsc í sálfræði	100%
Sigurður Þórisson	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	100%
Silja Mist Ágústsdóttir	Tengill	Stúdentspróf	100%
Snæfríður Birta Einarsdóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	100%
Sólrún Skaptadóttir	Verkefnastjóri mannauðs	BSc sálfræði / MS nemi í mannauðsstjórnun	100%
Stefanía Ýr Hannesdóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	80%
Steinunn Hafsteinsdóttir	Framkvæmdastjórn	BA í þroskajálfafræði / MS í atferlisgreiningu	100%
Þórdís Lind Þórsdóttir	Stuðningsfulltrúi	Nemi í sálfræði	Breytilegt
Thais Comes	Tengill	BA í ensku / MA í þýðingum	100%
Tinna Petersen	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	40%
Tinna Thorlacius	Tengill	BSc í sálfræði	100%
Tómas Þórðarson	Stuðningsfulltrúi	Stúdentspróf	100%
Unnur Kaldalóns Sigurðardóttir	Tengill	Bsc sálfræði/MS nemi í atferlisgreiningu	50%
Valgarður Bent Jónsson	Aðstoð í eldhúsi		50-60%

Skipulag og stundaskrá

Skipulag og kennsluhættir Arnarskóla markast af þörfum hvers nemanda, aðalnámskrá grunnskólanna, ásamt stefnu og markmiðum skólans. Hvert barn hefur sína einstaklingsmiðuðu stundaskrá þar sem þarfir og forsendur barna í Arnarskóla til náms geta verið afar ólíkar. Þrátt fyrir þetta þá tekur starf allra nemenda mið af stundaskrá skólans og leitast er við að hvetja nemendur til þess að taka þátt í þessum skipulögðu stundum skólastarfsins.

Dæmi um stundaskrá:

	Mánudagur		Þriðjudagur		Miðvikudagur		Fimmtudagur		Föstudagur	
7-8										
8:00	Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund	
-	8:50 morgunstund		8:50 morgunstund		8:50 morgunstund		8:50 morgunstund		8:50 morgunstund	
9:00										
10:00	Vinnustund	Lestrarhópar	Vinnustund	Lestrarhópar	Vinnustund	Lestrarhópar	Vinnustund	Lestrarhópar	Vinnustund	Lestrarhópar
10:00-10:20	Hressing/útivera/útikennsla		Hressing/lþróttir		Hressing/útivera		Hressing/lþróttir		Hressing/lþróttir	
10:20-11:00	Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund	
11:00-11:40	Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund		Vinnustund	
11:40-12:20	Matur/lífsleikni		Matur/lífsleikni		Matur/lífsleikni		Matur/lífsleikni		Matur/lífsleikni	
12:20-13:00	Listsköpun/pema		Listsköpun/pema		Listsköpun/pema		Listsköpun/pema		Listsköpun/pema	
13:00-14:00	Sund		Vinnustund		Vinnustund		Listsköpun/pema		Vinnustund	
14:00-15:00	Sund		Útivera/hressing		Útivera/hressing		Útivera/hressing		Útivera/hressing	
15:00-16:00	Frístund/vinnustund		Frístund/vinnustund		Frístund/vinnustund		Frístund/vinnustund		Frístund/vinnustund	
16:00-17:00	Frístund		Frístund		Frístund		Frístund		Frístund	

Hagnýtar upplýsingar

Skólamáltíðir og skólaakstur

Nemendum Arnarskóla gefst kostur á fá hressingu og hádegismat í skólanum án gjalds. Maturinn er eldaður í eldhúsi skólans og er hollur, góður, næringarríkur og vel úti látinn. Matseðill er gefinn út fyrir viku í senn og er hann birtur á heimasíðu skólans. Áður en annir hefjast ber forráðamönnum að tilkynna hvort nemandinn verði í fæði á komandi önn. Ef nemendur neyta sérfaðis þá reynir Arnarskóli að mæta þörfum nemenda eftir fremsta megni. Í upphafi skóladags er boðið uppá hafragraut og morgunkorn. Fyrir hádegi og eftir hádegi er einnig boðið uppá léttu hressingu.

Allir nemendur í Arnarskóla eru með þroskafrávik og hafa miklar stuðningsþarfir. Þessi nemendahópur hefur rétt á að nýta ferðapjónstu fatlaðra til þess að komast til og frá skóla. Forráðamenn sjá um að bóka og afpanta ferðir fyrir sitt barn.

Leyfi/forföll nemenda

Sérstök athygli er vakin á því að ef um forföll nemenda er að ræða skal forsjáraðili tilkynna þau símleiðis til skólans þann dag sem forföll verða, fyrir klukkan 8:15. Einnig er hægt að tilkynna forföll rafrænt í gegnum karellen.is. Þurfi barn að fá leyfi úr kennslustund nægir að biðja um það hjá þeim aðila sem er að vinna með barnið hverju sinni. Lengri leyfi þarf að fá samþykkt hjá skólastjóra í samráði við atferlisfræðing og verða aðeins veitt undir sérstökum kringumstæðum. Hafa skal í huga að öll röskun á námi nemenda, sem hlýst af löngu leyfi úr skóla, er á ábyrgð forsjáraðila.

Mæting og Karellen

Viðvera nemenda er skráð rafrænt inn á karellen.is. Þar geta kennarar nemanda, stjórnendur og forráðamenn fylgst með og séð yfirlit yfir mætingu nemenda.

Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda

Kópavogsbær hefur skýr viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn nemenda (<https://www.kopavogur.is/static/files/Menntasvid/vidbrogd-vid-ofullnaegjandi-skolasokn-2020.pdf>). Arnarskóli vinnur eftir þessum viðbrögðum þegar skólasókn er ófullnægjandi.

Veikindi starfsfólks

Þegar starfsfólk veikist er reynt eftir mætti að fá afleysingarfólk og er Arnarskóli með bakverði til taks sem hafa fengið þjálfun í að vinna með nemendum skólans. Ef mikil veikindi eru í skólanum getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og senda nemendur heim. Rétt er að vekja athygli á að reynt er eftir fremsta megni að komast hjá slíkum ráðstöfunum.

Óskilamunir

Margir nemendur Arnarskóla eiga erfitt með að tjá sig og segja frá því hvaða föt eru þeirra. Það er því mikilvægt að öll föt séu merkt sem nemendur koma með í skólann. Tilkynnt er reglulega um óskilamuni með rafrænum hætti, ásamt því að þeir eru til sýnis á foreldrafundum.

Slys og veikindi

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Hafi starfsfólk fengið nauðsynlega þjálfun þá sinnir það einnig lyfjagjöf vegna bráðatilfella sé þess óskað af foreldrum og lækni barns. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn vera upplýstir. Starfsfólk Arnarskóla getur alla jafna fylgt barni á slysadeild með forráðamönnum eða án. Við mat á því hver fylgir barni á slysadeild skal hafa hagsmuni barns að leiðarljósi. Ákvörðun um slíkt er tekin í samráði við forráðamenn og eftir atvikum nemandann.

Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer forráðamanna sem hægt er að ná í á skólatíma barnsins. Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu eða lífi þess í bráðahættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma og fylgir Arnarskóli þeim. Í engum tilvikum ber nemandi ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er forráðamanna eða skóla í samvinnu við forráðamenn. Nemendur skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum og þá með vitneskju starfsfólks skólans og forráðamanna. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlín-gjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Foreldrar/forráðamenn þeirra nemenda sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólastjórnendur/skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma. Strangt eftirlit og skráning er með öllum lyfjum og lyfjagjöfum í Arnarskóla.

Húsnæði skólans

Skólahúsnæði Arnarskóla við Kópavogsbraut 5b-c skiptist upp í heimastofur og almenn vinnurými. Í hverri heimastofu eru 1-6 nemendur hverju sinni allt eftir þörfum og getu hverju sinni til samvasta og samvinnu. Íþróttakennsla fer fram utandyra, á opnum svæðum innanhúss í skólanum og í fimleikasal Bjarkar í Hafnarfirði Sundkennsla fer fram í laug Endurhæfingar Kópavogs. Auk þess vinnur sjúkrabjálfi einn dag í viku með nemendum og aðstoðar fagteymi og starfsfólk skólans að flétta æskilegar æfingar inn í daglegt skólastarf hjá nemendum.

Skóladagatal

Skóladagatal Arnarskóla er unnið skv. lögum og reglugerðum og aðgengilegt á heimasíðu skólans. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagar Arnarskóla eru skipulagðir í samráði við foreldrahóp skólans þar sem tekið er mið af mikilvægi þess að koma til móts við aðstæður foreldra. Arnarskóli er opinn alla virka daga, allt árið um kring og samþættir skóla og frístund í einstaklingsmiðaðri stundaskrá hvers barns.

Heimili og skóli

Skólabragur/gildi Arnarskóla

Grunnþættir menntunar skipa veglegan sess bæði í námi og starfsháttum skólans. Grunnþættirnir læsi, lýðræði, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, sköpun og jafnrétti fléttast saman við gildi skólans svo úr verður ein heild.

Gildi skólans **sjálfstæði, gleði, fagmennska og virðing** birtast í vali á kennsluháttum, námsefni, viðbrögðum við krefjandi hegðun og öllu því sem mótar starf skólans. Með gildi Arnarskóla að leiðarljósi er lagt upp með að hlúa að gagnrýnni og skapandi hugsun og úrlausnarhæfni nemenda. Arnarskóli leggur því áherslu á að bjóða upp á einstaklingsmiðað hvetjandi nám þar sem hagsmuna barna er gætt í hvívetna og stuðst er við sannreynda kennsluhætti og vinnubrögð.

Meginmarkmið skólans er að koma með fjölbreyttum hætti til móts við fötluð börn með þroskafrávik og fjölþættar þarfir bæði í námi og frístundastarfi. Skólinn leggur áherslu á örvandi og fjölbreytt náms- og starfsumhverfi. Skólinn býður upp á samfelldan skóladag allan ársins hring með það að markmiði að stuðla að stöðugleika í skólastarfi, frístundastarfi og lífi nemenda. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra/aðstandendur nemenda. Til að hægt sé að þjónusta nemendur skólans með þessum hætti er rík áhersla á stuðning við starfsfólk, góða starfsþjálfun og á skólaárinu 24-25 verður einnig innleidd geðheilsustefna skólans til stuðla að vellíðan í starfi.

Skólareglur

Skólareglur eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

- Nemendur og starfsmenn leitast við að búa til jákvæðan skólabrag, þar sem allir koma fram af gagnkvæmri virðingu og jafnrétti.
- Forföll tilkynna starfsmönnum skólans í upphafi skóladags.
- Starfsfólki ber að mæta stundvíslega í skólann og vera góðar fyrirmyndir fyrir nemendur skólans.
- Starfsfólki ber að styðja nemendur til náms með hvetjandi hætti.
- Skólastarfið skal stuðla að heilbrigðum lífsvenjum í víðasta skilningi. Nemendur mega hafa með sér hollt og gott nesti í skólann ef þeir kjósa. Annars er í boði morgunmatur, morgunhressing og síðdegishressing fyrir þá sem það kjósa. Allir sem hyggja á útiveru skulu vera klæddir samkvæmt veðri svo þeir geti notið útivistar.
- Óskir um skemmri eða lengri leyfi nemenda og starfsmanna skulu sendar framkvæmdarstjórn skólans. Ef um lengri fjarvistir er að ræða skal samþykki lúta ákvörðun þeirra sem best geta metið áhrif fjarvistar á nám og starf, að mati framkvæmdarstjórnar.
- Starfsmenn skulu leitast við að vera nemendum sínum góðar fyrirmyndir í umgengni um skólabygginguna og aðstoða þá við að ganga snyrtilega um.
- Neysla vímuefna, alls níkótíns, áfengis og hvers kyns efna af öðrum toga er stranglega bönnuð í skólanum, á lóð hans og samkomum fyrir nemendur.
- Forráðamenn nemenda bera sjálfir ábyrgð á að koma upplýsingum til ferðaðþjónustu er annast akstur nemenda um breytingar varðandi akstur til og frá skóla, nema um annað sé rætt við teymi nemandans.

- Starfsfólki skólans er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu innngripi í refsingarskyni.
- Starfsmönnum skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni (skv. Lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011).
- Skólastjóri, atferlisfræðingar, kennarar, tenglar og aðrir starfsmenn bera ábyrgð á að reglum þessum sé framfylgt.

Viðbrögð við brotum á skólareglum og krefjandi hegðun nemenda

Öll viðbrögð við brotum á skólareglum eru einstaklingsmiðuð og taka mið af skilningi og færni hvers nemenda og starfsmanns. Virðing við nemendur er höfð að leiðarljósi í allri vinnu í Arnarskóla ekki síst þegar nemandi lendir í aðstæðum sem kalla fram krefjandi hegðun. Mótaðar eru einstaklingsáætlanir sem ætlað er að leiðbeina starfsfólki í því hvernig best megi koma til móts við þarfir nemanda og styðja nemendur í því að takast á við aðstæður sem reynast þeim erfiðar og kalla fram krefjandi hegðun. Brot er varða velferð nemenda eru unnin í samráði við viðeigandi aðila utan skólans s.s. barnavernd, fjölskyldusvið, Ráðgjafar- og greiningarstöð ríkisins eða aðra aðila sem geta stutt við úrræði sem þarf að móta. Þegar unnið er að einstaklingsáætlunum er lögð áhersla á að skilja virkni hegðunarinnar og þær aðstæður sem reynast nemandanum erfiðar. Styðjast skal við sannreyndar leiðir til þess að leggja mat á virkni hegðunarinnar og mótun áætlana. Slíkt mat gerir starfsfólki kleift með markvissum hætti að aðlaga námsumhverfi að þörfum nemenda, kenna færni sem auðveldar nemendum að takast á við aðstæður sem reynast þeim erfiðar og gefur þeim tækifæri til að hafa betri stjórn á sínu lífi og þátttöku í leik og starfi.

Arnarskóli vinnur samkvæmt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. *Starfsfólki skóla er óheimilt að beita líkamlegum refsingum og líkamlegu innngripi í refsingarskyni. Ef starfsfólk skóla metur að háttsemi nemenda leiði af sér hættu fyrir samnemendur og/eða starfsfólk skóla ber starfsfólki skylda til að bregðast tafarlaust við slíku með líkamlegu innngripi til að stöðva nemanda. Líkamlegu innngripi skal aðeins beitt í írustu neyð og eingöngu þegar ljóst er að aðrar leiðir duga ekki til að forða nemanda frá því að skaða sig og/eða aðra. Starfsfólki skóla er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Skal þess ávallt gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til í samræmi við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Látta skal tafarlaust af innngripi er hættu hefur verið afstýrt. Skólastjóri skal sjá til þess að atvik samkvæmt þessari málsgrein séu skráð og varðveitt í skólanum svo og ferill máls og ákvarðanir sem teknar eru í kjölfarið, í samræmi við lög um persónuvernd nr. 77/2000. Atvikaskráning skal fela í sér lýsingu á aðdraganda, atburðinum sjálfum og mati á þeirri hættu sem orsakast hefði af athafnaleysi.*

Viðmið vegna foreldrasamskipta

- Fagteymi hvers nemenda er með teymispóst, þar geta foreldrar og skóli komið upplýsingum til allra hlutaðeigandi á sama vettvangi en einnig er samskiptaform Karellen notað.

- Gæta skal að því að setja ekki viðkvæmar upplýsingar í tölvupóst heldur bóka frekar fund.
- Foreldrar geta óskað eftir samtali og fundum með því að senda tölvupóst eða hringja á skrifstofu skólans.
- Teymisfundir eru að lágmarki 3-4 sinnum á ári, en oftast ef þörf er á.
- Foreldrar fá sendar upplýsingar daglega eða vikulega um helstu mál skólaviku eða skóladags eftir óskum foreldra.
- Foreldrar eiga almennt ekki að hringja í starfsfólk skóla utan dagvinnutíma, nema mjög brýna nauðsyn beri til og mælt er þá til að leitað sé til stjórnenda.
- Allar mikilvægar upplýsingar um námsframvindu nemenda skulu birtar foreldrum eins fljótt og auðið er.

Foreldrafélag

Í Arnarskóla eru 37 nemendur á skólaárinu 2024-25. Allir nemendur skólans hafa miklar stuðningsþarfir sem hefur í för með sér aukið álag á heimili. Það getur því verið erfitt fyrir foreldra að taka að sér verkefni utan heimilis og vinnu. Vegna þessa verður foreldrafélag og skólaráð skipað sömu foreldrum á skólaárinu.

Skólaráð

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum. Skólastjóri starfar með skólaráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Ráðið fundar reglulega með skólastjórnendum og eru fundargerðir þeirra aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólaráð er skipað þremur fulltrúum foreldra, tveimur fulltrúum kennara, 2 fulltrúum tengla, fulltrúa annarra starfsmanna skólans, fulltrúa grenndarsamfélagsins auk skólastjóra Arnarskóla.

Í skólaráðinu sitja nú:

Fulltrúar foreldra: Gerður Guðmundsdóttir, Inga María Vilhjálmsdóttir, Elín Björg Ásbjörnsdóttir

Fulltrúi kennara: Sigríður Gísladóttir, Hafdís Pálsdóttir

Fulltrúi annars starfsfólks: Stefanía Ýr Hannesdóttir

Fulltrúi grenndarsamfélagsins: Hafsteinn Karlsson fyrrverandi skólastjóri Salaskóla

Skólastjóri Arnarskóla: Rafn Emilsson

Kennsla og námsmat

Kennsla

Markmið skólans er að veita börnum með þroskafrávik heildstætt nám og framúrskarandi þjónustu. Kennsla byggir á aðalnámskrá grunnskóla, lagt er kapp á að nýta sannreynda kennsluhætti og stuðst er við fjölbreytta nálgun í kennslu. Notast er til dæmis við raunveruleikatengd verkefni (naturalistic teaching approach), aðgreindar kennsluæfingar með villulausu námi (errorless learning through discrete trials), verkefnagreiningar (task analysis), eftirhermunám, skýra kennslu (Explicit Instruction), fimikennslu (precision teaching), þemaverkefni, þrautalausn og samvinnunám.

Kennsluhættirnir byggja á einstaklingsmiðuðu námi þar sem unnið er út frá þörfum og styrkleikum hvers nemanda þar sem áhugasvið nemenda er nýtt sem hvati. Mikið er því lagt upp úr að aðlagja kennslu að því sem grípur huga nemandans hverju sinni. Reglulegt mat er gert á árangri kennslunnar og námi nemandans út frá einstaklingsnámskrá og kennsluhættir endurskoðaðir út frá þessu mati.

Gerð er einstaklingsnámskrá fyrir hvern nemanda og unnið í samræmi við hana ýmist í einstaklingskennslu eða litlum hópum, allt eftir þörfum og getu hvers nemanda. Lögð er áhersla á samvinnu við foreldra og nemendur við val á markmiðum. Þessi samvinna er til þess að fá skýrari mynd af því hvaða færni er mikilvægast að kenna til þess að ýta undir sjálfstæði, færni, ánægju í námi og þátttöku í samfélaginu.

Kennslutími

Kennslutími tekur mið af því að allir nemendur fái að lágmarki kennslu í samræmi við aðalnámskrá. Skólinn er þó opinn alla virka daga á ári og nemendur geta sótt þjónustu og kennslu fleiri daga en gert er ráð fyrir í aðalnámskrá. Vegna þess að flestir nemendur koma í skólann með ferðaþjónustu fatlaðra þá getur mætingar- og brottfarartími verið nokkuð breytilegur. Dagskipulag er einstaklingsmiðað en flestir nemendur hefja nám milli 8 og 9 á morgnana og frístundarstarf hefst almennt um 14:30, fyrir suma nemendur skiptist þó á nám og frístund allan daginn.

List- og verkgreinakennsla

List- og verkgreinakennsla fer fram í og við Arnarskóla, umhverfið allt, fjaran, skógurinn, Rútstún og skólabyggingin sjálf eru nýtt í list og verkgreinakennslu.

Útikennsla

Hluti af kennslu í skólanum fer fram utandyra. Kennslan getur verið hluti af kennslu í athöfnum daglegs lífs, þemaverkefni, stærðfræði eða samfélagsgreinar. Útikennsla er gjarnan nýtt til að flétta saman margvísleg samþætt námsmarkmið.

Útivist

Útivist er að jafnaði tvisvar á dag og almennt taka nemendur þátt í þeirri samveru. Ef nemendur eiga einhverra hluta vegna erfitt með að taka þátt í útivist þá eru fundin önnur uppbyggileg verkefni fyrir nemendur að taka þátt í á þeim tíma. Við Arnarskóla er skólalóð í uppbyggingu, þar eru komnar rólur, ærslabelgur/hoppudýna, sandkassi og hringekja, einnig er opið svæði sem hægt er að leika sér á. Til viðbótar við þetta svæði eru opin svæði og leikvöllir í nágrenni skólans nýtt í útivist.

Einstaklingsnámskrár

Allir nemendur Arnarskóla fylgja einstaklingsnámskrá. Einstaklingsnámskrár taka mið af aðalnámskrá og byggja á margvíslegu færnimati, auk aðalnámskrár er stuðst við færnimat og námskrá Autism Curriculum Encyclopedia (ACE). Áætlanir eru unnar af fagteymi hvers nemanda í samvinnu við forráðamenn og nemandann sjálfan. Endurmat fer fram á þriggja mánaða fresti og áætlanir lagðar fram til umræðu og samþykktar öllum málsaðilum.

Námsmat

Áhersla er lögð á að meta árangur jafnóðum til þess að hægt sé að breyta eða laga kennsluna eftir því sem við á. Matið er því umbótamiðað leiðsagnarmat og tekur mið af markmiðum í aðalnámskrá og einstaklingsnámskrá nemenda. Skráningar á frammistöðu nemenda eru gerðar daglega, aðilar í fagteymi fara yfir gögn vikulega og aðlaga kennslu og verkefni eftir þörfum. Stöðumat byggt á námsmatsgögnum er dregið saman í ársfjórðungsskýrslur sem kynntar eru foreldrum og skólayfirvöldum viðeigandi sveitarfélags. Í einstaklingsnámskrá hvers nemanda er gerð grein fyrir því hvernig staðið verði að námsmati, matið skal vera fjölbreytt og endurspegla á sem bestan hátt færni og framfarir nemenda.

Heimanámsstefna

Arnarskóli byggir á góðri og mikilvægri samvinnu við heimili. Þarfir barna í Arnarskóla geta kallað á markvissa en jafnframt fjölbreytta þjálfun heima með aðstoð frá skóla. Má þar til dæmis nefna athafnir daglegs líf í þeim tilvikum þegar verið er að yfirfæra þjálfun í skóla yfir í aðstæður heima. Heimanám eins og aðrir þættir í starfi Arnarskóla eru bundnir við þarfir hvers nemanda fyrir sig.

Hefðir og þemavinna

Arnarskóli byggir á mörgum hefðum og venjum sem móta skólabraginn og skólastarfið almennt.

- **Morgunsamvera:** Allir morgnar byrja á morgunsamveru áður en vinnustundir hefjast. Í morgunsamveru koma saman nemendur og starfsfólk þar sem sungið er saman, spjallað, farið yfir veðurspá dagsins og klæðnað fyrir útiveru svo eitthvað sé nefnt.
- **Þemaverkefni:** Þemaverkefni einkenna skólastarfið á vetrarmánuðum og unnið er í ýmsum ólíkum þemaverkefnum frá september og fram í maí. Í hverju þemaverkefni fléttast saman listsköpun, morgunstundir, einstaklingsvinna og hópavinna með fjölbreyttum hætti.
- **Vettvangsferðir:** Vettvangsferðir eru ríkur þáttur í uppbroti á skólastarfinu. Yfir vetrarmánuð eru farnar 1- 2 vettvangsferðir í mánuði en yfir sumartímenn fjölga þeim.

Tómstundir og tengsl við nærumhverfi

Tengsl við nærumhverfið eru Arnarskóla mikilvæg og unnið er markvisst að því að tengja nemendur og skólann almennt við þá starfsemi sem er í nærumhverfi. Eftirfarandi markmið hafa verið sett í þeim efnum fyrir skólaárið.

- **Tengsl við Tónsali:** Samstarf er hafið við tónlistarskólann Tónsali þar sem nemendum Arnarskóla gefst nú kostur á að skrá sig þar í tónlistarnám. Þessi kostur stendur öllum nemendum skólans til boða að undanskildum nemendum úr Reykjavík.
- **Aukið aðgengi að tómstundum:** Unnið hefur verið að því að greiða aðgengi forráðamanna að yfirliti yfir tómstundir sem standa nemendum skólans til boða og kynna foreldrum. Áframhald verður á þessari upplýsingamiðlun.
- Lögð er áhersla á að **styðja við nemendur og fjölskyldur þeirra til að nemendur geti sótt tómstundir á skólatíma**. Foreldrar geta óskað eftir því að starfsfólk Arnarskóla fylgi börnum þeirra í tómstundir og leitast er við eftir fremsta megni að mæta þessum óskum foreldra.

Velferð nemenda

Stoðþjónusta

Nemendaverndarráð og fagráð

Í Arnarskóla er lögð áhersla á vellíðan allra barna, bæði andlega og líkamlega. Til að stuðla að því að nemendur njóti sín í skólanum er leitað leiða til að námsumhverfi, stuðningur og kennsluhættir séu hvetjandi og að gætt sé að virðingu nemenda í öllum aðstæðum.

Nemendaverndarráð fundar vikulega og fjallar um öll þau mál sem snerta einstaka barn og ástæða þykir til að taka til umfjöllunar í samráði við tengil/umsjónarkennara/atferlisfræðing hverju sinni. Við Arnarskóla er einnig starfandi fagráð, ábyrgð fagráðs er að gæta að því að með markvissum hætti sé haldið utan um allar einstaklingsnámskrár skólans, að starfsfólk skólans fái stuðning og handleiðslu ásamt því að huga að starfsþjálfunarmálum skólans og faglegri stjórn. Fríða Ósk Arnalds stýrir nemendaverndarráði/fagráði og aðrir aðilar í ráðinu eru Atli F. Magnússon, María Sigurjónsdóttir, Rafn Emilsson og Steinunn Hafsteinsdóttir.

Skólaheilsugæsla

Skólinn er í samstarfi við heilsugæslustöð hverfisins. Stuðlað er að kennslu um mikilvægi heilbrigðra lífshátta, bæði líkamlegu og andlegu heilbrigði. Skólinn er einnig í samstarfi við sérfræðilækna nemenda þar sem það á við.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

6 ára: sjónpróf, heyrnapróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

9 ára: sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

12 ára: sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling og athugun á litaskyni. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Bólusett gegn leghálskrabbameini 3 sprautur á 6 mánaða tímabili.

14 ára: sjónpróf, heyrnapróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (einsprauta).

Skólaheilsugæslan fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra áður en bætt er úr því.

Atferlisfræðingur

Við Arnarskóla starfa atferlisfræðingar sem styðja við og móta faglegt starf skólans ásamt því að sinna ráðgjöf fyrir skóla í Kópavogi, Garðabæ og Landsteymi Menntamálaráðuneytisins. Stuðningurinn er margvíslegur en breytilegur eftir þörfum hvers nemenda. Helstu verkefni eru færnimat, ákvarðanir er varða kennslu í athöfnum daglegs lífs og grunnleiða til tjáskipta. Einnig skipa atferlisfræðingar stóran sess í mótun úrræða við krefjandi hegðun. Flestir nemendur Arnarskóla þurfa mikinn stuðning í námi er varðar athafnir daglegs lífs og grunnleiða í tjáskiptum. Atferlisfræðingar Arnarskóla skipa því stóran sess í mótun einstaklingsnámskráa nemenda.

Talkennsla

Talmeinafræðingur starfar í Arnarskóla í 12 klst á viku. Talmeinafræðingur sinnir mati og kennslu ásamt því að leiðbeina starfsfólki um hvernig hægt er að vinna einstaklingsbundið til að byggja upp færni nemenda.

Sjúkraþjálfun

Sjúkraþjálfari starfar í Arnarskóla einn dag í viku. Sjúkraþjálfari sinnir vinnu með nemendum ásamt því að leiðbeina starfsfólki um hvernig hægt er að sinna æfingum sem byggja upp færni nemenda.

Áætlanir

Símenntunaráætlun starfsmanna

Arnarskóli vinnur símenntunaráætlun samkvæmt skyldum grunnskóla.

Símenntun starfsfólks skiptist í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

Framkvæmdarstjórn ákvarðar þörf fyrir þá fræðslu sem skal veitt út frá stefnu og gildum skólans ásamt áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla. Í starfsviðtölum að vori gerir starfsfólk grein fyrir því hvaða áherslur þau telja að séu mikilvægar í símenntunaráætlun næsta vetrar.

Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem því er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla enda er fræðslan á vinnutíma og starfsfólki að kostnaðarlausu.

Helstu markmið og áherslur

Taka m.a. mið af:

- þörfum starfsmanna og óskum (þarfagreining og starfsmannasamtöl)
- stefnu skólans
- sjálfsmati
- reynslu skólans og þörfum

Markmið eru að:

- Allt starfsfólk fái utanaðkomandi fræðslu um geðheilbrigði.
- Starfsfólk fræðist um mismunandi fatlanir nemenda sinna, þá sérstaklega flogaveiki.
- Starfsfólk sé meðvitað og frætt um öryggi og velferð/vellíðan nemenda.
- Efla fimikennslu í ólíkum verkefnum, stærðfræði, lestri ásamt ýmissi grunnfærni sem t.d. leggur grunn að tjáskiptum.
- Efla samvinnunám nemenda í lestrar og stærðfræðikennslu ásamt ýmiskonar kennslu sem tengist tjáningu og félagsfærni.
- Styrkja vinnubrögð sem byggja á hagnýtri atferlisgreiningu í skólastarfi.
- Efla færni starfsfólks í kennslu sem byggir á og ýtir undir tjáningu, samvinnunám og félagsfærni.
- Efla fræðslu um forvarnir

Áætluð símenntun

Fræðsla um geðheilbrigði

Markmiðið er:

- Að setja geðheilbrigði á dagskrá þannig að starfsfólk treysti sér til að tala opinskátt og fordómalaust um geðheilbrigði og geðvanda.
- Að allir geti leitað til stjórnenda og samstarfsfólks þegar við upplifum vanlíðan og þurfum aukinn stuðning eða svigrúm.
- Að veita hvert öðru stuðning með umhyggju og skilning að leiðarljósi, fordómalaust og án vorkunnar.
- Að bregðast við og grípa inn í áður en í krísu er komið.

Vinnulag:

- a. Fræðsluerindi frá Mental á öllum starfsdögum vetrarins
- b. Stjórnendabjálfun frá Mental í upphafi vetrar

Umsjón:

- a. Framkvæmdastjórn/Mental
- b. Sólrún Skaptadóttir/Mental

Fræðsla um mismunandi fatlanir

Markmiðið er:

- Að starfsfólk þekki helstu þarfir fólks með ólíkar fatlanir
- Að starfsfólk fái fræðslu um flogaveiki

Vinnulag:

- a. Fræðsla fyrir allt nýtt starfsfólk sem á sér stað á fyrstu fjórum vikum frá því að starfsmaður hefur störf.
- b. Utanaðkomandi fræðsla um flogaveiki á starfsdegi.

Umsjón:

- a. Umsjónarmaður starfsþjálfunar hvers starfsmanns.

b. Steinunn Hafsteinsdóttir

Öryggi og vellíðan

Markmiðið er:

- Að starfsfólk skilji hugtökin nauðung og valdbeiting, og viti hvernig hægt er að koma í veg fyrir að nota það í starfi með börnum.
- Að starfsfólk viti hvernig á að bregðast við hættulegri hegðun þegar öll önnur ráð hafa brugðist.
- Að starfsfólk viti hvernig á að bregðast við slysum.
- Að starfsfólk öðlist grunnþekkingu á kynfræðslu með unglingum með þroskafrávik

Vinnulag:

- A. Fræðsla og æfingar á starfsdegi 15. ágúst fyrir nýtt starfsfólk, upprifjun fyrir reyndari.
- B. Fræðsla fyrir einstaka teymi vegna ákveðinna nemenda, eftir þörfum
- C. Skyndihjálparnámskeið á starfsdegi 15. ágúst
- D. Kynning á kynfræðslu?

Umsjón:

- A. Atli Freyr Magnússon og Steinunn Hafsteinsdóttir
- B. Atli Freyr Magnússon og Steinunn Hafsteinsdóttir
- C. Ólafur Ingi Grettisson
- D. María Jóns?

Fimikennsla

Markmiðið er:

- Að tenglar sem sinna nemendum í lestrar- og stærðfræðikennslu verði færð í að nýta sér Stýrða kennslu og fimipjálfun við lesfimikennslu, lesskilningskennslu ásamt stærðfræði og þrautalausnarkennslu.
- Einnig verður áhersla á að innleiða fimimiðaða kennslu fyrir nemendur sem eru að læra færni sem leggur grunn að notkun á tjáskiptatölvum.

Vinnulag:

- a. Teymiskennsla á hverjum morgni þar sem stjórnendur veita endurgjöf á frammistöðu starfsfólks.
- b. Handleiðsla og þjálfun frá Morningside Academy þrisvar á skólaárinu.

Umsjón: Rafn Emilsson

Samvinnunám, tjáning og félagsfærni

Markmið er:

- Að efla starfsfólk í að nýta samvinnunám í lestrar og stærðfræðikennslu, ásamt ýmiskonar kennslu sem tengist tjáningu og félagsfærni.
- Að starfsfólk þekki grunninn að því að kenna tjáningu og félagsfærni í gegnum skill based treatment.

Vinnulag:

a) Þematímar og hópakennslutímar verða á skólaárinu undir stjórn kennaranna Siggú Jónu og Sigríðar. Þær munu fara fyrir kennslunni og leiðbeina öðru starfsfólki í að vinna með þemakennslu.

b) Hóptímar í lestri og stærðfræði verða kenndir daglega með ákveðnum nemendum undir stjórn Rafns, Eyju Drífu og Ara sem munu fá handleiðslu og þjálfun frá Morningside Academy þrisvar á skólaárinu.

c) Starfsfólk sem taka þátt í kennslu á tjáningu og félagsfærni (skill based treatment) fær fræðslu frá atferlisfræðingum Arnarskóla og einhverjir taka 10 tíma vefnámskeið frá FTF behavioral consulting.

Umsjón:

- Sigríður Gísladóttir, Sigríður Jóna Gunnarsdóttir og Hafdís Pálsdóttir kennarar
- Rafn Emilsson, Eyja Drífa Ingólfssdóttir og Ari Guðmundsson
- Steinunn Hafsteinsdóttir og Atli Freyr Magnússon

Hagnýt atferlisgreining og skólastarf

Markmiðið er að: Arnarskóli taki þátt í að þjálfa upp starfsfólk í notkun hagnýtrar atferlisgreiningar í skólastarfi og styrki þekkingu starfsfólks á slíkri vinnu.

Vinnulag:

a) Arnarskóli hefur gert samstarfssamning við Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands. Á skólaárinu 2023-24 verða tólf starfsmenn Arnarskóla í námi í atferlisgreiningu samhliða vinnu í skólanum. Starfsfólk fær tækifæri til þess að nýta 8 klst af vinnutíma á mánuði til þess að sækja námskeið í háskóla ásamt því að vinna ákveðin verkefni á vinnutíma.

Umsjón: Framkvæmdarstjórn

Fræðsla sérfræðinga innan skólans

Markmið er:

- Að starfsfólk þekki þær aðferðir sem notaðar eru í kennslu í skólanum.

Vinnulag:

- Sérfræðingar innan skólans (atferlisfræðingar, talmeinafræðingur, sjúkraþjálfari, kennarar eða aðrir) halda fyrirlestur á sal um efni sem þeir þekkja vel og nýtist stórum hluta starfsmanna skólans.

Umsjón:

- a. Steinunn Hafsteinsdóttir

Hvert sækir starfsfólk símenntun

Starfsfólk sækir símenntun að mestu leyti innanlands en einnig til annarra landa. Aðallega verður notast við fagfólk innan skólans en auk þess verður leitast við að vera í samstarfi við aðra skóla og stofnanir.

- Utanaðkomandi fyrirlesarar
- Háskólinn í Reykjavík
- Háskóli Íslands
- Handleiðsla frá Morningside Academy
- Skólaheimsóknir
- Ráðstefnur

Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætla. Hann kallar fleiri til aðstoðar.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Stefnt er að virkri þátttöku þeirra í gerð eigin símenntunaráætlunar og eftirfylgni.

Tímasetningar: Undirbúningur símenntunaráætlunar er á vorönn. Stefnt er að því að staðfestar áætlanir berist starfsfólki í upphafi skólaárs

Tími til endurmenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörf og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 94-150 stundir til símenntunar á ári skv. kjarasamningi og annað starfsfólk a.m.k. 16 stundir á ári

Jafnræði: Leitast verður við að hafa tækifæri til símenntunar sem jöfnust, en jafnframt verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun verði í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.t.t. aðstæðna, framboðs og verkefna hverju sinni.

Símenntunaráætlun skólans er kynnt öllu starfsfólki skólans.

Sótt um námskeið: Starfsmenn sækja um námskeið til skólastjóra. Forgangsraðað verður í samræmi við stefnu og áherslur skólans og fjármagn. Starfsmenn eru einnig hvattir til að sækja um fjármagn vegna símenntunar til sjóða sem þeir hafa aðgang að í eigin stéttarfélögum.

Hvert sækir starfsfólk símenntun

Starfsfólk sækir símenntun að mestu leyti innanlands en einnig til annarra landa. Aðallega verður notast við fagfólk innan skólans en auk þess verður leitast við að vera í samstarfi við aðra skóla og stofnanir.

- Utanaðkomandi fyrirlesarar
- Háskólinn í Reykjavík
- Háskóli Íslands
- Handleiðsla frá Morningside Academy

- Skólaheimsóknir
- Ráðstefnur

Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Hann kallar fleiri til aðstoðar.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Stefnt er að virkri þátttöku þeirra í gerð eigin símenntunaráætlunar og eftirfylgni.

Tímasetningar: Undirbúningur símenntunaráætlunar er á vorönn. Stefnt er að því að staðfestar áætlanir berist starfsfólki í upphafi skólaárs

Tími til endurmenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörf og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 94-150 stundir til símenntunar á ári skv. kjarasamningi og annað starfsfólk a.m.k. 16 stundir á ári

Jafnræði: Leitast verður við að hafa tækifæri til símenntunar sem jöfnust, en jafnframt verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun verði í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.t.t. aðstæðna, framboðs og verkefna hverju sinni.

Símenntunaráætlun skólans er kynnt öllu starfsfólki skólans.

Sótt um námskeið: Starfsmenn sækja um námskeið til skólastjóra. Forgangsraðað verður í samræmi við stefnu og áherslur skólans og fjármagn. Starfsmenn eru einnig hvattir til að sækja um fjármagn vegna símenntunar til sjóða sem þeir hafa aðgang að í eigin stéttarfélögum.

Fjármögnun símenntunar

Möguleikar: Skólinn, styrkir, símenntunarsjóðir, starfsmaðurinn

Skóli greiðir 100%. Vinnustaður greiðir laun starfsmannsins og þáttökugjöld	Skóli og starfsmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður fjármagnar símenntun sína sjálfur
Starfstengd, ósk stjórnandans, ekki valfrjáls og þátttaka er innan/utan vinnutíma. Stundum starfstengd ósk en ekki forgangsmál innan skólans – þátttaka í vinnutíma (málþing, fræðslufundir o.s.frv.	Starfstengd en ekki forgangsmál, – þátttaka inna eða utan vinnutíma. Valfrjáls þátttaka í fræðslu og viðburðum á vinnutíma. Hugsanlega starfstengd ósk starfsmannsins og utan vinnutíma. Eigi starfsmaður sjóð hjá stéttarfélagi er eðlilegt að hann sé nýttur.	Óljós eða engin tengsl við núverandi eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda.

Staðfesting og skráning

Við formlega fræðslu (t.d. námskeiðshald) er tímafjöldi kennslu í viðurvist leiðbeinanda eða kennara skráður. Undirbúningur á milli námskeiðsdaga er skráður hafi slíkt verið ákveðið fyrirfram.

Við óformlega fræðslu, lestur fagrita, þátttöku í t.d. skipulögðum leshringjum og/eða á kennarafundum og þróunarverkefnum, er skráður fyrirfram ákveðinn heildartími.

Skólastjóri veitir aðstoð við útreikninga ef stjórnendur eða starfsmenn eru í vafa.

Það er á ábyrgð skólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Það er á ábyrgð starfsmannsins að fylgjast með skráningu og óska eftir henni þegar hann getur sýnt fram á að símenntun er lokið hverju sinni.

Matshæf símenntun er símenntun sem var samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í vinnutíma og fjármögnuð að einhverju leyti af hálfu skólans

Mat á árangri

Með gátlistum

- mat á heildaráætlun í lok skólaárs
- mat á skipulögðum námskeiðum í lok þeirra
- mat starfsmanna á eigin áætlun

Annað mat

- samanburður á milli áætlaðs og raunkostnaðar símenntunar
- skrá fyrir athugasemdir, mál sem upp koma á árinu

Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í Arnarskóla og skólinn vinnur samkvæmt eineltisstefnu Kópavogsbæjar. Samkvæmt stefnunni þá er einelti:

Einelti er ámælisverð eða síendurtekin ótilhlýðileg háttsemi, þ.e. athöfn eða hegðun sem er til þess fallin að niðurlægja, gera lítið úr, móðga, særa, mismuna eða ógna og valda vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Kynferðisleg áreitni og annað andlegt eða líkamlegt ofbeldi fellur hér undir.

Unnið er markvisst með fjölbreyttum hætti gegn einelti í skólanum. Í öllum hópum er unnið eftir forvarnaráætlun skólans þar sem áhersla er á að byggja upp jákvæð samskipti og góða sjálfsmynd. Skólinn leggur mikla áherslu á að öllum innan skólans líði vel og fá ráð og rúm til þess að njóta þess að vera í skólanum.

Viðbrögð við einelti:

- Barn, foreldrar eða starfsfólk tilkynnir grun/upplifun til skólastjórna.
- Nemendaverndarráð fer yfir eineltistilkynningar og vinnur málið, varði málið starfsfólk þá er mannauðsstjóri kallaður til við úrvinnslu mála.
- Eftir að einelti hefur verið tilkynnt tekur við könnunarferli.
- Ef mat úr könnunarferli bendir til eineltis hefst framkvæmdaferli.

- Könnunarferli skal endurgert eftir 4-8 vikur hvort sem framkvæmdarferli kom til eða ekki.

Könnunarferli

- Stjórnendur gerir forráðamönnum viðvart og biður þá um að fylgjast með líðan barnsins í ákveðinn tíma.
- Upplýsinga er aflað frá kennurum, starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum.
- Starfsfólk fylgist með þolanda og geranda í ákveðinn tíma. Safna þarf gögnum um þetta áhorf.
- Tengill/kennari ásamt eineltisráði skólans leggur mat á upplýsingarnar. Verði niðurstaðan sú að um einelti sé að ræða kemur til framkvæmdaáætlunar
- Ef niðurstaðan er sú að um samskiptaörðugleika er að ræða er framkvæmdaáætlun ekki útfærð. Algengast er, á þessu stigi, að endurskoðað sé námsumhverfi og stuðningur skóla. Forráðamönnum allra aðila skal gerð grein fyrir því sem fram hefur farið og hvernig haldið verður áfram ef málsatvik breytast.

Framkvæmdaáætlun

- Nemendaverndarráð vinnur að stuðningsáætlun til þess að uppræta eineltið. Ráðið ber ábyrgð á því að útdeila verkefnum og ábyrgð innan starfsmannahóps og kynna þá áætlun sem skal framkvæmd.
- Foreldrar/forráðamenn þolanda og geranda eru kallaðir til samráðs. Þar er þeim kynnt áætlun sú sem gerð hefur verið. Séu forsendur til þess að foreldrar styðji við áætlunina með einum eða öðrum hætti þá skal það gert í öllum tilfellum
- Áætlun gerð um tímamörk og mat á aðgerðum

Varði eineltistilkynning skólastjórnendur er hægt að leita til Menntasviðs Kópavogsbæjar um úrvinnslu mála.

Varði málið einelti innan starfsmannahóps sér nemendaverndarráð eða framkvæmdarstjórn skóla, eftir því sem betur á við um úrvinnslu og framkvæmd úrræða. Skýr viðmið um þau vinnubrögð eru í starfsmannahandbók.

Forvarnaráætlun (líkamleg og andleg heilsa)

Forvarnarteymi er skipað:

Fríðu Ósk Arnalds, Atferlisfræðingi
Steinunni Hafsteinsdóttur, Þroskaþjálfari
Rafni Emilssyni, skólastjóra

Forvarnarstefna Arnarskóla byggir á Aðalnámskrá grunnskóla en þar segir að vinna skuli að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Í Arnarskóla felst forvarnarvinna meðal annars í því að aðlaga námsuhverfi og kröfur að þörfum nemenda til að gæta að líkamlegri og andlegri vellíðan og styðja nemendur verði þeir fyrir slysum eða áföllum af einhverju tagi. Einn stærsti hluti af forvarnarvinnu Arnarskóla felst þó í kennslu sem er til þess fallin að byggja upp sjálfstæði, sjálfsaga og færni nemenda til þess að takast á við ýmsar aðstæður í daglegu lífi. Rík áhersla er á að efla nemendur í að setja mörk varðandi snertingu og kynheilbrigði, læra að vara sig á hættum í umhverfinu ásamt því að læra að bregðast við hættum sem geta skapast. Þá er lögð

rík áhersla á virðingu gagnvart ólíkum einstaklingum og að hver og einn fái að njóta sín á eigin forsendum. Forvarnarvinna felst einnig í hendur við stuðning vegna áfalla

Markmið með forvörnum er að:

- Aðlaga námsumhverfi að þörfum hvers nemenda með vellíðan og færni til framtíðar að leiðarljósi. Sérstök áhersla skal lögð á meðvitund starfsfólks um hugsanlega áfallasögu nemenda.
- Styðja nemendur á uppbyggilegan hátt verði þeir fyrir óhöppum, vonbrigðum eða áföllum. Þetta á einnig við ef að nemendur sýna tilfinningaviðbrögð sem starfsfólk hefur ekki fullan skilning á hvers vegna nemendur sýna.
- Styrkja sjálfsmynd og sjálfstæði nemenda
- Byggja upp færni nemenda til að greina viðeigandi og óviðeigandi samskipti.
- Byggja upp færni nemenda til að greina og bregðast við óviðeigandi samskiptum.
- Byggja upp færni nemenda til að greina hættur í umhverfinu.
- Byggja upp færni nemenda til að bregðast við hættum í umhverfinu.
- Efla alhliða þroska nemenda þannig að þeir styrkist í að bera ábyrgð á eigin lífi
- Byggja upp færni til jákvæðra og árangursríkra samskipta.
- Byggja upp færni til athafna daglegs lífs.
- Kynna fyrir nemendum margvíslegar leiðir til heilbrigðra lífshátta og að greina heilbrigða lífshætti frá skaðlegum.
- Starfsfólk þekki verkferla um viðbrögð við ofbeldi eða grun um ofbeldi.

Leiðir að markmiðum:

Að unnið sé markvisst að forvörnum á öllum skólastigum og markmið fléttuð inn í allar einstaklingsáætlanir.

Einstaklingsmiðað, styðjandi og hvetjandi námsumhverfi

Fagteymi hvers nemanda mótar námsumhverfi sem er styðjandi við vellíðan og velferð hvers nemanda. Ef nemendur eru vansælir af einhverjum sökum er leitað leiða í samráði við nemendur og fjölskyldur þeirra til þess að endurskoða og sníða námsumhverfi að þörfum nemenda. Leitast er við að nemendur geti unað sér virkir, sáttir, og sælir í Arnarskóla og er það forsenda frekara náms.

Einstaklingsmiðuð kynfræðsla.

Einstaklingsmiðuð kennsla út frá markmiðum í einstaklingsnámskrá er byggja upp sjálfstæði og varða athafnir daglegs lífs.

Styðja nemendur í að tileinka sér heilbrigðar lífsvenjur.

Styðja nemendur í að læra að greina hættur í umhverfinu og viðbrögð við þessum hættum.

Fræðsla til starfsfólks skólans um árangursríka kennsluhætti á þáttum einstaklingsnámskrár.

Starfsfólk þekki verklagsreglur vegna gruns um ofbeldi, vanrækslu eða áhættu hegðun barna í stofnunum Kópavogsbæjar

Námsefni sem nýtt er í skólastarfinu og miðar að forvörnum

Námsefni autism curriculum encyclopedia (ACE) tengt heilbrigðum lífsháttum og er þrískipt

- Geta til að nýta sér almenna heilbrigðisþjónustu
- Næring og hreyfing
- Samskipti og kynheilbrigði

Námsefni autism curriculum encyclopedia (ACE) tengt öruggum lífsháttum og er þrískipt

- Almennt öryggi og að greina hættur í umhverfi
- Forvarnir tengdar áfengi og fíkniefnum
- Forvarnir tengdar ofbeldi (andlegu, líkamlegu, kynbundnu og kynferðilegu)

Námsefni autism curriculum encyclopedia (ACE) tengt félagslegu og tilfinningalegu heilbrigði og er þrískipt:

- Geðheilbrigði
- Heilbrigð fjölskyldutengsl
- Félagsfærni

Annað námsefni en ACE:

Kynfræðsluefni Maríu Jónsdóttur frá Ráðgjafar og greiningarstöð Ríkisins

Vefurinn stoppofbeldi.is

Stuðningur vegna

Jafnréttisáætlun og jafnlaunavottun

Jafnréttis og mannréttindaáætlun Arnarskóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, jafnréttisáætlun Kópavogsbæjar, lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008), aðalnámskrá grunnskólanna, lög um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018, og jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrárinnar. Áætlunin var samþykkt af jafnréttisstofu þann 30.9.2022

Markmið jafnréttis- og mannréttindaáætlunar er að tryggja að fyllsta jafnréttis allra sé gætt í skólanum. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum, og að hver einstaklingur sé metinn að verðleikum.

Í Arnarskóla er unnið að jafnrétti og mannréttindum í öllu daglegu starfi, með áherslu á að að allir taki jafnan þátt í samfélaginu, fái jöfn tækifæri til starfsþróunar, stundi nám við sitt hæfi og fái hvatningu til að rækta sérkenni sín. Þar eru gildi skólans höfð að leiðarljósi, en þau eru *sjálfstæði, gleði, fagmennska og virðing*.

Áætlunin er tvískipt, annars vegar miðar hún að nemendum og hins vegar að starfsfólki skólans. Hún er kynnt fyrir skólasamfélaginu á kynningarfundum og vefsíðu skólans.

Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttis- og mannréttindaáætlun sé framfylgt.

Nemendur

Mikilvægt er að öll börn geti stundað nám og frístund til jafns við aðra, og að öllum bjóðist sömu tækifærin óháð kyni eða öðrum persónueinkennum.

Í aðalnámskrá grunnskóla er talað um jafnræði til náms, að allir nemendur eigi rétt á að stunda nám við sitt hæfi: “Tækifærin eiga að vera jöfn og óháð atgervi og aðstæðum hvers og eins. Þess er því gætt að tækifærin ráðist ekki af því hvort nemandi er af íslensku bergi brotinn eða af erlendum uppruna. Þau eru óháð kyni, hvar nemandi býr, hverrar stéttar hann er, hvaða trúarbrögð hann aðhyllist, hver kynhneigð hans er, hvernig heilsufari hans er háttað eða hvort hann býr við fötlun eða hverjar aðstæður hans eru.”

Kynbundið og kynferðislegt áreiti eða ofbeldi líðst ekki í skólanum. Meðferð slíkra mála er sett í ákveðinn farveg eins og einelti og áföll. Virk samvinna við barnavernd, barnahús og lögreglu er nauðsynleg til þess að hægt sé að tryggja sem best velferð nemenda.

Mikilvægt er að kenna börnum að setja sín mörk og segja frá ef eitthvað gerist, og þau þurfa að vita að áreitni getur birst í mörgum myndum.

Skólanum ber að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna margbreytileikann. Námsfni á að endurspegla margbreytileika mannlífsins og þannig efla og styðja við jafnréttisfræðslu,

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að nemendur fái nám við hæfi	Einstaklingsáætlanir eru gerðar fyrir hvern og einn. Námsfni og umhverfi aðlagð þannig að hver nemandi njóti sín. Notast er við færnimatslista til þess að meta nemendur og framfarir skoðaðar reglulega.	Umsjónarkennarar, atferlisfræðingar og tenglar	Viðvarandi verkefni
Að námsfni endurspeglar fjölbreytileika fólks	Námsfni skólans er að miklu leiti búið til af starfsfólki hans. Lögð skal áhersla á að nýta myndir og sögur af allskonar fólki af öllum kynjum í námi barnanna.	Allir starfsmenn sem koma að kennslu og frístund barnanna	Viðvarandi verkefni
Að ýta undir jákvæða sjálfmynd nemenda og hvetja þá til að rækta sérkenni sín	Áhugasvið nemenda notað í kennslu og leik. Nemendum gefinn kostur á að virkja styrkleika sína og sökkva sér í áhugamál á frístundatíma. Nemendur studdir til eins mikils sjálfstæðis og kostur er.	Umsjónarkennarar, atferlisfræðingar og tenglarn samhliða öðrum starfsmönnum	Viðvarandi verkefni
Að koma í veg fyrir kynbundið/kynferðislegu áreiti/ofbeldi í skólanum	Allir nemendur fá einstaklingsmiðaða kennslu í kynfræðslu. Þau læri að þekkja sín mörk og segja “stopp” ef þeim líkar ekki eitthvað. Að starfsmenn séu aldrei einir með nemendum í lokuðu rými, setja glugga á hurðar í kennslustofum.	Umsjónarkennarar, atferlisfræðingar og tenglar	Viðvarandi verkefni

Starfsfólk

Mikilvægt er að allir taki virkan þátt í skólastarfinu til að styrkleikar hvers og eins fái notið sín sem best og að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum og ýtrasta jafnræðis sé gætt milli starfsmanna. Starfsfólki og nemendum skal ekki mismunað vegna kyns, kynhneigðar, aldurs, útlits, uppruna, þjóðernis, litarháttar, heilsufars, efnahags, fötlunar, trúar eða stjórnmálaskoðana eða annarrar stöðu, og þannig verið tryggt að mannauður nýtist sem best.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið öllum kynjum en leitast skal við að hafa kynjahlutfall með þeim hætti að hægt sé að tryggja nemendum viðeigandi stuðning í öllum námsgreinum og aðstæðum s.s. sundi og íþróttum.

Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera öllum skýr og ljós.

Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Við ákvörðun launa skal gæta fyllsta jafnréttis. Starfsmenn skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf (IST 85) og skulu þau viðmið sem lögð eru til grundavallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismun.

Skólinn skuldbindur sig jafnframt til að vinna að stöðugum umbótum á þessu sviði, hafa eftirlit með viðmiðum og bregðast við frávikum sem upp kunna að koma.

Við ákvörðun starfskjara skal tryggt að þau viðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri ákvörðun feli ekki í sér kynjamismun. Það gildir jafnt um lífeyrisframlag, lengd orlofs eða veikindaréttar eða hvers konar annarra starfskjara sem hægt er að meta til fjár.

Í samræmi við lög nr. 150/2020 hefur skólinn lokið jafnlaunavottun sem staðfestir að jafnlaunakerfi fyrirtækisins og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðals ÍST 85.

Allir skulu hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsmanna. Starfsmenn skulu eiga jafnan aðgang að launuðum aukastörfum og því sem talist gæti til hlunninda.

Starfsfólk skólans á jafnan rétt til þess að samræma vinnuskyldur sínar fjölskyldulífi. Stjórnendur eiga að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo það megi verða.

Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegu né kynbundnu áreiti. Telji starfsmaður að brotið sé á rétti hans í Arnarskóla skal hann leita til trúnaðarmanns eða stjórnenda sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnlaunavottun lokið og viðhaldið skv. lögum	Fylgja ferli vottunaraðila og ÍST 85	Framkvæmdastjóri	Vottun lokið 2022 endurvottun reglulega skv. kröfum laga.
Fólk fær jöfn laun og nýtur sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Greina árlega laun og fríðindi starfsmanna. Leiðréttá skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.	Skólastjórnendur, framkvæmdastjórn, bókari	Við ráðningar. Launagreiningu skal lokið í júní á hverju ári.
Laus störf standa öllum kynjum til boða og leitast er við að jafna kynjahlutföll	Auglýsingar höfða til allra kynja og hæfni umsækjenda metin óháð kyni.	Skólastjórnendur	Við ráðningar
Öllum þeim sem vinna jafn verðmæt störf skal til jafns standa til boða tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar	Gæta skal jafnræðis við gerð endurmenntunaráætlunar.	Skólastjórnendur	Við ráðningar og gerð endurmenntunaráætlunar
Að öll kyn geti tekið jafna ábyrgð á fjölskyldu sinni og heimili.	Allir starfsmenn hvattir til að taka virkan þátt í fjölskyldulífi, og gefinn sveigjanleiki til að sinna börnum og öðru sem kann að koma upp innan heimilisins.	Skólastjórnendur	Viðvarandi
Sveigjanleiki í starfi til að samræma þarfir fjölskyldu sinnar, einkalífi og atvinnu.	Rætt í starfsmannaviðtali og eftir þörfum við hvern og einn	Skólastjórnendur	Við ráðningu og síðan eftir þörfum
Að útrýma misrétti, áreitni og /eða ofbeldi ef mál af þeim toga koma í ljós, sama í hvaða mynd það birtist	Að vinna að forvörðum og fræðslu um misrétti, áreitni og/eða ofbeldi, skv forvararáætlun sem birt er í starfsáætlun skólans. Undantekningarlaust er gripið til aðgerða og mál sett í viðeigandi ferli	Skólastjórnendur	Tímasetning á aðgerðum tengdum forvörðum og fræðslu er í símenntunaráætlun. Þegar mál koma upp

Laus störf, starfsþjálfun, sí- og endurmenntun

Við ráðningu nýrra starfsmanna skal gæta þess að umsóknir séu opnar öllum kynjum. Ekki skal mismuna starfsmönnum eftir kyni hvað varðar möguleika til sí- og endurmenntunar og starfsþjálfunar. Tryggja skal að allir starfsmenn óháð kyni geti sótt námskeið sem haldin eru sérstaklega til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf. Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum og nefndum.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Laus störf standa öllum kynjum til boða og leitast er við að jafna kynjahlutföll	Auglýsingar höfða til allra kynja og hæfni umsækjenda metin óháð kyni.	Skólastjórnendur	Við ráðningar
Öllum þeim sem vinna jafn verðmæt störf skal til jafns standa til boða tækifæri til starfsþjálfunar og endurmenntunar	Gæta skal jafnræðis við gerð endurmenntunaráætlunar.	Skólastjórnendur	Við ráðningar og gerð endurmenntunaráætlunar

Áföll og röskun á skólastarfi

Rýmingaráætlun

Í Arnarskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi sem fylgst er með reglulega og flóttaleiðir eru sjö.

Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda og lýsing á fyrstu viðbrögðum. Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

- Stjórnandi fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan boðið kemur.
- Kennarar og annað starfsfólk undirbýr rýmingu kennslustofunnar og fer eftir verklagi sem er hengt upp á vegg í hverri kennslustofu. Nafnalistar eru aðgengilegir og gætt er að því að allir nemendur séu á staðnum.
- Ef ekki er um hættu að ræða fer stjórnandi á milli rýma til að upplýsa nemendur og starfsfólk um stöðu mála.
- Ef brunakerfi fer strax aftur í gang er um eld að ræða og skal skólinn þá strax rýmdur.
- Stjórnandi hefur samband við slökkvilið í síma 112, tilkynnir um eld og gefur skýringar á brunaboðinu.
- Atferlisfræðingur sem er með umsjón með kennslustofu tekur með sér skráningarblað um viðveru í hverri skólastofu.
- Starfsfólk rýmir skólann, fer á söfnunarsvæðið sunnan við skólann í átt að líknardeild, rétt utan við girðingu um skólalóð.
- Sá aðili sem er síðastur út úr hverri skólastofu lokar öllum dyrum á eftir sér til að hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið halda deildarstjórar og aðrir stjórnendur utan um að allir nemendur í sínum hóp séu á svæðinu. Ef einhvern nemenda vantar í hóp er upplýsingum safnað um hvar viðkomandi sást síðast.
- Slökkvilið kemur á staðinn, stjórnendur gefa varðstjóra upplýsingar ef einhver nemandi er enn inn í skólabyggingunni og hver sé hugsanleg staðsetning.

Röskun á skólastarfi vegna veðurs

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fól SHS að útbúa í samvinnu við fræðslufirvöld allra sveitarfélaganna, reglur fyrir foreldra og skólayfirvöld um röskun á skólastarfi vegna óveðurs. Arnarskóli fylgir þessum reglum og viðmiðum.

Áföll

Í Arnarskóla er skipað áfallaráð. Í áfallaráði er skipað sömu aðilum og sitja í nemendavernd. Ráðinu er ætlað að bregðast við áföllum sem nemendur eða starfsfólk getur orðið fyrir í skólastarfinu eða utan þess. Varði mál starfsfólks þá er kallaður til mannauðsstjóri sem hjálpar til við úrvinnslu mála.

- Verði nemendur eða starfsfólk fyrir áfalli þá er ráðið kallað saman óháð dagsetningu eða tíma.
- Áfallaráð skipuleggur viðbrögð, upplýsingagjöf og hlutverkaskiptingu starfsfólks til að viðbrögð skóla og starfsfólks stuðli að bættri líðan nemenda og starfsfólks.

Málefni áfallaráðs eru margvísleg og má þar nefna mál sem tengjast nemendum, starfsfólki eða aðstandendum. Dæmi um áföll sem áfallaráð sinnir:

- Langvinnir sjúkdómar/veikindi, nemenda, starfsfólks eða aðstandenda þeirra.
- Slys nemenda, starfsfólks eða aðstandenda bæði á skólatíma og utan.
- Andlát nemenda, starfsfólks eða aðstandenda.
- Skilnaðir.

Umhverfisverndarstefna

Umhverfisráð Arnarskóla var mótað á haustmánuðum 2024. Stefna ráðsins er að leggja áherslu á að gera nemendur og starfsfólk meðvituð um sjálfbærni og virðingu fyrir umhverfinu. Umhverfisstefna skólans verður endurskoðuð endurskrifuð 2025. Á skólaárinu 2024-25 eru áhersluatriðin eftirfarandi:

- Nýta vel matvæli, pappír og önnur efni í skólastarfinu.
- Starfsfólk og nemendur eru minnt á mikilvægi þess að endurnýta vörur og rusl. T.d. með því að flokka sorp.
- Hugað að góðri umgengni um skólann, skólalóðina og nærumhverfi.
- Varast mengun og nota umhverfisvænar vörur t.d. hreinlætisvöru eins og mögulegt er.

Í umhverfisráði sitja:

Linda Guðmundsdóttir

Geðheilsustefna starfsfólks

Stuðningur við andlega heilsu nemenda fer fram með fagteymum hvers nemenda sem fær margvíslegan stuðning t.d. utanaðkomandi sérfræðinga, fagraðs/nemendaverndar, áfallaráðs og forvarnaráðs. Mikilvægt er að huga einnig að stuðningi við starfsfólk og unnið hefur verið að geðheilsustefnu Arnarskóla frá vormánuðum 2024 til að huga sérstaklega að þessum þætti í starfsemi skólans. Lögð hafa verið drög að geðheilsustefnu starfsfólks í samstarfi við

ráðgjafafyrirtækið Mental. Vinnan hefur farið fram í nánú samstarfi við starfsfólk skólans í gegnum kannanir, viðtöl og vinnuhópa. Stefnan ásamt skýrum markmiðum til að vinna að verður tilbúin síðar á skólaárinu 2024 og mun fléttast inn í stefnu skólans og verkefnastofna.

Mat á skólastarfi

Innra mat á árangri og gæðum

Við innra mat á gæðum skólans verður tekið mið af 35. gr Grunnskólalaga (nr. 91/2008) og Innra mat skólans er margþætt og tekur til ýmissa þátta skólastarfsins. Matinu er ætlað að vera umbótamiðað matsferli þar sem niðurstöður matsins eru nýttar til þess að móta umbótaáætlun sem gegnir því hlutverki að leitast stöðugt við að bæta skólastarfið. Innra mat skiptist í almenna matsþætti og svo matsþætti sem sérstaklega tengjast stefnu skólans og styðja við innleiðingu hennar. Matið nær til þátta er meta skólastarfið með ýmsum hætti nám og kennslu, mannauð, stjórnun og skólabrag.

Matsteymi

Matsteymi sem mótaði innramat 2024-25 og langtímaáætlun innra mats var skipað

Rafni Emilssyni, kennara og atferlisfræðingi

Fríðu Ósk Arnalds, atferlisfræðingi

Sólrúnu Skaptadóttur mannauðsstjóra

Atli Freyr Magnússon atferlisfræðingur

Almennir matsþættir 2024-25

Hér að neðan er yfirlit yfir almenna matsþætti á skólaárinu 2024-25

Matsþáttur	Árangur sem stefnt er að	Hvernig metið	Ábyrgðaraðili
Starfsánægja starfsfólks	Að yfir 90% starfsfólk sé ánægt í starfi og mæli með vinnustaðnum við aðra	Með matslistum og viðtölum	Sólrún Skaptadóttir ber ábyrgð á mati.
Ánægja foreldra	Að yfir 90% foreldra sé í heildina ánægt eða mjög ánægt með starf skólans	Með matslistum	Steinunn Hafsteinsdóttir
Ánægja nemenda	Að gert sé grein fyrir því í einstaklingsáætlun allra nemenda hvernig ánægja sé metin og að brugðist sé við með markvissum einstaklingsmiðuðum hætti ef nemendum líður illa í skólastarfinu.	Einstaklingsmiðað mat og einstaklingsmiðaðar stuðningsáætlanir.	Fríða Arnalds yfiratferlisfræðingur
Mat á námsárangri	Að framfarir séu á yfir 60% markmiða skv einstaklingsnámskrám	Framfarir metnar á markmiðum skv einstaklingsnámskrám	Rafn Emilsson
Rýni utanaðkomandi sérfræðinga	Að utanaðkomandi sérfræðingar rýni skólastarfið þrisvar á skólaárinu.	Sérfræðingar fylgjast með skólastarfi í beinu áhorfi. Gert er grein fyrir ákveðnum þáttum í viðtölum/fundum, Unnið er eftir ráðleggingum sérfræðinga að umbótum.	Rafn Emilsson – tengsl við Morningside
Áhorf/ígrundun með stjórnendum	Atferlisfræðingar í hverri kennslustofu veita starfsfólki kennslustofu endurgjöf og stuðning í starfi að lágmarki 2x í viku. Að meðlimur úr fagráði fari í hverja kennslustofu einu sinni í viku. Starfsfólki veitt endurgjöf eftir þörfum og frekari starfsþjálfun ef þörf er á.	Með matslistum úr ígrundun	Fríða Arnalds yfiratferlisfræðingur
Jafnlaunavottun	Að viðhalda jafnlaunavottun	Með jafnlaunakerfi og skráningum og launagreiningum sem kerfið byggir á.	Atli F. Magnússon og Rafn Emilsson

Nánari lýsing á almennum matsþáttum

Almennir matsþættir gefa innsýn inn margvíslega þætti skólastarfsins og byggir á ólíkum matsleiðum, spurningalistum, beinu áhorfi, tölulegum gögnum og umfjöllum rýnihópa.

Starfsánægja starfsfólks

Stuðst er við viðtöl og spurningalista til að meta starfsánægju starfsfólks. Matinu er ætlað að meta ýmsa þætti skólastarfsins s.s. aðbúnað, álag,, kennsluhætti, stjórnun og skólabrag svo eitthvað sé nefnt. Gert er grein fyrir matinu í ársskýrslu skólastjóra ásamt tillögum til umbóta

Ánægja foreldra

Stuðst er við viðtöl og spurningalista til að meta ánægju foreldra með skólastarfið. Matinu er ætlað að meta ýmsa þætti skólastarfsins s.s. aðbúnað, kennsluhætti, stjórnun og skólabrag svo eitthvað sé nefnt. Gert er grein fyrir matinu í ársskýrslu skólastjóra ásamt tillögum til umbóta

Ánægja nemenda

Mikilvægt er að meta ánægju nemenda. Nemendur skólans geta átt erfitt með að gera grein fyrir viðhorfum sínum með hefðbundnum viðtölum, samtölum eða spurningalistum. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að leita leiða til að meta ánægju nemenda. Á skólaárinu 2022-23 voru þau viðmið fest í sessi að gert er grein fyrir því í einstaklingsáætlun nemenda hvernig ánægja þeirra sé metin. Á skólaárinu 2024-25 verður gætt að því að þau vinnubrögð festist í sessi ásamt því að brugðist sé við með einstaklingsmiðuðum hætti ef nemendur eru ekki ánægðir í námi.

Mat á námsárangri

Gögnum er safnað um námsárangur nemenda. Ekki er unnt að nýta hefðbundin matstæki til að meta árangur í námi hjá nemendum skólans. Stuðst verður við það fyrirkomulag að meta allar ársfjórðungsskýrslur á námsárangri og meta á hversu mörgum markmiðum af heildarfjölda markmiða í einstaklingsnámskrá nemendur sýndu framfarir, færni stóð í stað eða færni fór aftur. Gert er grein fyrir þessum gögnum í ársskýrslu skólastjóra. Matinu er ætlað að varpa ljósi á inntak og árangur náms.

Rýni utanaðkomandi sérfræðinga

Mat utanaðkomandi sérfræðinga verður tvíþætt á skólaárinu.

- 1) Dr. Einar Ingvarsson frá Virginia Institute of Autism mun rýna starfshætti og veita ráðgjöf er varðar stuðning sem skólinn veitir nemendum sem geta sýnt krefjandi hegðun . Lögð er áhersla á velferð nemenda, skólabrag, lýðræðisleg vinnubrögð og hvernig hægt er að vinna í sátt með nemendum að settu marki.
- 2) Rýni Morningside Academy. Ráðgjafar Morningside Academy munu rýna starfshætti er varða ýmsa kennsluhætti, bæði fyrir bóklega kennslu og kennslu í notkun tjáskiptatækja og athafna daglegs lífs svo eitthvað sé nefnt. Sérstök áhersla verður á að meta framkvæmd starfsþjálfunar hjá Arnarskóla og þjálfar stjórnendur í atriðum er tengjast starfsþjálfun og árangursríkum vinnubrögðum í notkun ígrundunar og áhorfs til að styrkja starfshætti starfsfólks.

Samantekt á rýni utanaðkomandi sérfræðinga kemur fram í ársskýrslu skólastjóra.

Áhorf/ígrundun stjórnenda.

Atferlisfræðingar sem halda utan um nám nemenda í einni kennslustofu eru lykilstarfsmenn í að styðja við störf Tengla og stuðningsfulltrúa í hverju teymi. Atferlisfræðingar eru daglega í sinni kennslustofu, bæði að sinna kennslu og starfsþjálfun starfsfólks. Atferlisfræðingar eru almennt að lágmarki 4x í viku að veita starfsfólki sérstaklega endurgjöf og þjálfun í gegnum ígrundunarkennslu. Þessar stundir geta þó verið færri ef nýta þarf starfskrafta atferlisfræðinga meira í almenna kennslu/þjálfun með nemendum vegna manneklu.

Stjórnendur í fagraði rýna kennsluhætti í hverri kennslustofu að lágmarki einu sinni í viku. Matinu er ætlað að veta endurgjöf á fagleg vinnubrögð, ígrunda hvernig hægt er að auka samvinnu nemenda og ýta undir lýðræðisleg vinnubrögð, hvernig skipulag á námsumhverfi er háttað ásamt því að veita stjórnendum tækifæri til þess að vera betur upplýst um hagi og líðan nemenda og starfsfólks.

Á skólaárinu 2024-25 er stefnt að því að huga sérstaklega að matstækum til að meta vinnubrögð er tengjast fimikennslu, skýrri kennslu og náttúrlegri kennslu og nota slík matstæki við það að veita starfsfólki endurgjöf.

Jafnlaunamarkmið - Jafnlaunavottun

Í samræmi við lög nr. 150/2020 hefur skólinn lokið jafnlaunavottun. Vottunin staðfestir að jafnlaunakerfi skólans og framkvæmd þess uppfylli kröfur staðals ÍST 85 og skólinn fer árlega í endurmat/vottun. Hér að neðan má sjá jafnlaunamarkmið skólans og aðgerðir.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Jafnlaunavottun lokið og viðhaldið skv. lögum.	Fylgja ferli vottunaraðila og ÍST 85.	Framkvæmdastjóri	Jafnlaunavottun lokið við lok árs 2022 auk endurvottunar skv. kröfum laga.
Fólk fær jöfn laun og nýtur sömu kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf	Greina laun og fríðindi starfsfólks að lágmarki á fjögurra ára fresti, oftast skal greina laun ef launabreytingar hafa verið gerðar sem ekki er hægt að útskýra með breytum í jafnlaunakerfi. Leiðréttá skal laun ef fram kemur mismunur sem ekki verður skýrður með öðru en kynferði.	Skólastjórnendur, framkvæmdastjórn, bókari	Laun og fríðindi skal greina með vísan í breytur jafnlaunakerfis við ráðningu og við allar launabreytingar. Gert er grein fyrir rökstuðningi í ársskýrslu jafnlaunavottunar sem unnin er árlega. Formlega launagreiningu skal gera að lágmarki á fjögurra ára fresti.

Innleiðing nýrrar stefnu: Matspættir sem meta áherslupætti úr stefnu skólans 2024-25

Unnið var að nýrri stefnu Arnarskóla á skólaárinu 2021-22. Sú vinna byggði á rýnihópum nemenda og starfsfólks ásamt því að nýta gögn úr foreldrakönnun til að leggja drög að áherslupáttum. Innra mat næstu ára mun taka mið af nýrri stefnu sem gildir til 2027. Þessum hluta innra mats er ætlað að styðja við innleiðingu á nýrri stefnu og meta með markvissum hætti hvort verið sé að hrinda í framkvæmd þeim verkefnastofnum sem stefnt er að.

Hér að neðan er yfirlit yfir áherslupætti og markmið sem metin verða á skólaárinu 2024-25

Áherslupáttur: Gott náms og starfsumhverfi

	Verkefnastofn samkvæmt stefnu	Árangur sem stefnt er að	Hvernig metið	Ábyrgðaraðili
Gott náms og starfsumhverfi	Bætt aðstaða	Unnið er að því langtímamarkmiði að hefja fulla starfsemi í þriðju álmu skólabyggingar skólans. Markmið skólaársins er að leggja grunn að því að hefja takmarkaða starfsemi í a hluta á skólaárinu 25-26.	Gert grein fyrir framvindu í ársskýrslu	Atli F. magnússon
	Aukin samvinna	Efla teymisvinnu á milli fagfólks skólans, kennara, atferlisfræðinga, talmeinafræðings og sjúkraþjálfara.	Með viðtölum	Rafn Emilsson
	Sannreyndir kennsluhættir	Endurmennt og starfsþjálfun efld. Stefnt að því að starfsmannahópur í fimm af sjö kennslustofum skólans kunni fimimiðaða kennslu (fluency based instruction) og geti nýtt sér fimimiðað námsmat (standard celluration chart) við ákvarðanatöku	Starfshættir metnir í ígrundunarkennslustundu m.	Fríða Arnalds

	Einstaklingsmi ðað hvetjandi námsumhverfi	Unnið verður að mati á ánægju nemenda skv lýsingu í almennum matsþáttum	Sjá almennir matsþættir	Sjá almennir matsþættir
	Námsumhverfi sem tekur tillit til færni, menningar og fjölbreytileika	Starfsþjálfun efld. Sérstaklega með það að markmiði að taka mið af ólíkum menningarlegum bakgrunni starfsfólks og sníða þjálfun að þörfum hvers starfskrafts.	Með viðtölum og matslistum í lok starfsþjálfunar	Sólrún Skaptadóttir

Bætt aðstaða

Útlit er fyrir að starfsemi í A hluta Kópavogsbrautar sé að fara annað. Mikil þörf er fyrir þjónustu Arnarskóla á höfuðborgarsvæðinu og því miður hefur þurft að vísa mörgum umsóknum frá undanfarin ár vegna plássleysis. Það sama hefur átt við um önnur sérúrræði, sérdeildir og sérskóla á höfuðborgarsvæðinu og brýnt að efla þjónustu sem hefur burði til að mæta flóknum þjónustuhöfðum nemenda. Arnarskóli vill leggja sitt af mörkum til að efla íslenskt skólastarf frekar og mikilvægt að leita allra leiða til að tryggja að skólinn fái afnot af öllu húsnæðinu á Kópavogsbraut 5 til langs tíma.

Aukin samvinna

Stefnt er að því að efla Efla teymisvinnu á milli fagfólks skólans, kennara, atferlisfræðinga, talmeinafræðings og sjúkraþjálfara. Unnið verður að þessu með því að festa teymisfundi reglulega með öllu fagfólki skólans.

Sannreyndir kennsluhættir

Fimikennsla eru vinnubrögð sem unnið er að því að innleiða í Arnarskóla ásamt náttúrulegri kennslu, samvinnunámi og fleiri kennsluaðferðum. Stefnt er að því að starfsmannahópur í fimm af sjö kennslustofum skólans kunni fimimiðaða kennslu (fluency based instruction) og geti nýtt sér fimimiðað námsmat (standard celluration chart) við ákvarðanatöku, innleiðingin mun miða að því að geta nýtt aðferðina við bóklegt nám sem og nám í ýmiskonar grunnfærni (t.d. þörun mynda, hreyfifærni, tjáskiptafærni).

Áherslupáttur: Þróunarstarf og fræðsla

	Verkefnastofn skv starfsáætlun	Árangur sem stefnt er að	Hvernig metið	Ábyrgðaraðili
--	---	-------------------------------------	----------------------	----------------------

Þróunarstarf og fræðsla	Gera rannsóknir í þágu nemenda	Að gerðar séu a.m.k. tvær rannsóknir á ári sem hafa hagnýtt gildi fyrir nemendur	Með yfirliti yfir rannsóknir	Erna Pálsdóttir
	Ráðgjöf til almennra skóla	Að veitt sé ráðgjöf til a.m.k. fimm ólíkra skóla á skólaárinu	Með yfirliti yfir ráðgjöf	Ingunn B. Einarsdóttir
	Fræðsla til foreldra	Að haldin séu a.m.k. tvö ólík fræðsluerindi fyrir foreldra á skólaárinu	Með yfirliti yfir fjölda erinda	Steinunn Hafsteinsdóttir
	Símenntun starfsfólks	Að fræðsluerindi innan Arnarskóla verði a.m.k. 4 yfir skólaárið og öllu starfsfólki aðgengileg. Að haldin séu að lágmarki 2 erindi á ráðstefnum þar sem rannsóknir eða kynning á skólastarfinu fer fram.	Með yfirliti s.k.v. ársskýrslu skólastjóra	Sólrún Skaptadóttir
	Kynna starf skólans og rannsóknir á ráðstefnum og fagritum.	Að skrifuð sé ein grein í íslenskt menntarit þar sem kynnt eru vinnubrögð skólans.		Fríða Arnalds

Rannsóknir í þágu nemenda

Stefnt er að því að gerðar verði að lágmarki tvær rannsóknir á skólaárinu í samstarfi við háskólana. Rannsóknirnar verða að hafa hagnýtt gildi fyrir nemendur og styrkja skólastarfið. Yfirliti yfir rannsóknir er safnað saman og kynnt í ársskýrslu skólastjóra.

Ráðgjöf til almennra skóla

Mikil sérfræðilekking er innan Arnarskóla á því hvernig hægt er að mæta ólíkum þörfum nemenda sem hafa miklar stuðningsþarfir í skólastarfi. Stefnt er að Arnarskóli veiti ráðgjöf til a.m.k. fimm ólíkra skóla á skólaárinu þar sem veitt er ráðgjöf vegna einstaklingsmála. Með því er átt við að rýndar verða þarfir hjá einstökum nemendum í samstarfi með heimili og skóla og mótaðar stuðningsáætlanir fyrir þessa nemendur. Atferlisfræðingar sem sinna ráðgjöf munu halda utan um fjölda skóla og mála sem ráðgjöf er veitt til og haldið er utan um þau gögn í ársskýrslu skólastjóra.

Fræðsla til foreldra

Stefnt er að því að halda a.m.k. þjú ólík fræðsluerindi til forráðamanna á skólaárinu. Haldið verður utan um fjölda þessara erinda í ársskýrslu og ánægja foreldra metin í foreldrakönnun.

Símenntun starfsfólks

Mikil þekking er innan Arnarskóla og til viðbótar við almenna símenntun starfsfólks og starfsþjálfun er stefnt að því að halda a.m.k. sex ólík fræðsluerindi á skólaárinu þar sem starfsfólk skólans miðlar þekkingu sín á milli. Haldið verður utan um fjölda erinda og yfirliti skilað í ársskýrslu skólastjóra.

Áherslupáttur: Þátttaka í samfélagi og samfélagsleg ábyrgð

	Verkefnastofnar skv starfsáætlun	Árangur sem stefnt er að	Hvernig metið	Ábyrgðaraðili
Þátttaka í	Stuðningur við tómstundastarf	Uppfæra reglulega samantekt á tækifærum til tómstunda og deila með foreldrum	Með yfirliti s.k.v. ársskýrslu skólastjóra	Rafn Emilsson
	Innleiðing á umhverfisverndarstefnu	Að búið sé að móta umhverfisverndarstefnu skólans að vori 2024	Með yfirliti s.k.v. ársskýrslu skólastjóra	Linda Guðmundsdóttir
	Koma á fót samvinnuverkefnum við nágrannaskóla í Kópavogi	Að búið verði að móta a.m.k. eitt samvinnuverkefni með nágrannaskóla fyrir vor 2024	Með yfirliti s.k.v. ársskýrslu	Steinunn Hafsteinsdóttir
	Þátttaka í samfélagslega mikilvægum verkefnum	Að gefa nemendum kost á að taka þátt í góðgerðarverkefni á skólaárinu	Með yfirliti s.k.v. ársskýrslu	María Sigurjónsdóttir

Stuðningur við tómstundastarf

Stefnt er að því að styðja með auknum hætti við tómstundastarf nemenda. Tengslum hefur verið komið á fót við Tónlistarskólann Tónsali og þannig hefur nemendum Arnarskóla verið gert kleyft að stunda tónlistarnám í umhverfi Arnarskóla og með stuðningi starfsfólks skólans. Stefnt er að því að halda áfram að styðja við tómstundastarf nemenda með því að auðvelda forráðamönnum að átta sig á því hvaða möguleikar standa til boða er varða tómstundir og starfsfólk Arnarskóla getur einnig fylgt nemendum á skólatíma (8-16) í tómstundir með ferðaþjónustu fatlaðra. Árangur á þessum verkefni verður metinn með yfirliti skv ársskýrslu skólastjóra.

Innleiðing á umhverfisverndarstefnu

Stefnt er að því að búið sé að móta og að innleiðing sé hafin á umhverfisverndarstefnu skólans að hausti 2024. Árangur verður metinn með yfirliti skv Ársskýrslu skólastjóra.

Þátttaka nemenda í samfélagslega mikilvægum verkefnum

Nemendur Arnarskóla hafa undanfarin ár tekið þátt í góðgerðastarfi. Stefnt er að því að viðhalda þeim venjum og gefa nemendum Arnarskóla tækifæri til þess að taka að lágmarki

þátt í einu góðgerðarverkefni á árinu. Árangur verður metinn með yfirliti skv Ársskýrslu skólastjóra.

Umbætur

Gögnum úr innra mati er safnað saman og úr þeim mótuð umbótaáætlun. Í umbótaáætlun er mótuð stefna og tilgreindar leiðir til þess að bæta skólastarf Arnarskóla. Helstu niðurstöður umbótaáætlunar skal kynna fyrir starfsfólki skólans, foreldraráði og foreldrum skólans á foreldrafundi.

